

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 366. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 19. janúar 2023 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerð 167. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 17. janúar 2023.
- 2) Fundargerð 9. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 3. janúar 2023.
- 3) Fundargerð fræðslunefndarfundar, dags. 14. nóvember 2022.
- 4) Fundargerð fræðslunefndarfundar, dags. 29. nóvember 2022.
- 5) Fundargerð 209. fundar Breiðafjarðnefndar, dags. 22. nóvember 2022.
- 6) Fundargerð 179. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 7. desember 2022.
- 7) Fundargerð 448. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 16. desember 2022.
- 8) Fundargerð 916. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 14. desember 2022.
- 9) Bréf frá Hollvinafélagi Pakkhússins, dags. 19. desember 2022, varðandi framtíðarsýn Pakkhússins.
- 10) Bréf frá Saxa ehf., dags. 9. janúar 2023, varðandi ósk um framlengingu á samningi vegna Gufuskála.
- 11) Bréf frá Sverrisútgerðinni, dags. 11. janúar 2023, varðandi forkaupsrétt Snæfellsbæjar að mb. Glæð SH-226, skipaskr.nr. 2384.
- 12) Minnisblað bæjarstjóra, dags. 16. janúar 2023, varðandi þak á húsnæði grunnskólans á Hellissandi.
- 13) Minnisblað bæjarstjóra, dags. 16. janúar 2023, varðandi afslátt af gatnagerðargjöldum.
- 14) Minnisblað bæjarstjóra, dags. 16. janúar 2023, varðandi ráðningu slökkviliðsstjóra.
- 15) Bréf frá Matvælaráðuneytinu, dags. 7. desember 2022, varðandi starfstöð Hafró í Ólafsvík.
- 16) Bréf frá SSV, dags. 8. desember 2022, varðandi drög að stofnun Safnaklasa Vesturlands.
- 17) Bréf frá GETU, gæðastarfi í skólum, dags. 27. desember 2022, varðandi ytra mat á leikskólum og grunnskólum.
- 18) Bréf frá Innviðaráðuneytinu, dags. 19. desember 2022, varðandi umsókn um framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
- 19) Húsnæðisáætlun 2023
- 20) Minnispunktar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 17. janúar 2023
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 167167. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, þriðjudaginn 17. janúar 2023
og hófst hann kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Kristjana Hermannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Hildigunnur Haraldsdóttir, Birgir Tryggvason, Matthías Páll Gunnarsson og Karitas Hrafn Elvarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Karitas Hrafn Elvarsdóttir, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

1. Dritvíkurvegur og Djúpalónssandur breyting aðalskipulags og nýtt deiliskipulag - 2209001

Lagðar eru fram tillögur að breytingu aðalskipulags vegna Dritvíkar og Djúpalónssands þar sem bætt er inn setningu um hámarks stærð byggingar vegna aths. Skipulagsstofnunar og óbreytt deiliskipulagstillaga ásamt umhverfismatsskýrslu beggja skipulagsstiga.

Samþykkt er að beina tillögum í lögboðið auglýsingarferli í samræmi við skipulagslög.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið og beinir því í lögboðið auglýsingarferli í samræmi við 31. og 41. grein skipulagslaga.

Samþykkt

2. ASK_Breyting aðalskipulags í Krossavík - 2203012

Lagðar eru fram tillögur að breytingu aðalskipulags og nýs deiliskipulags vegna Krossavíkurbæða með óverulegum lagfæringum vegna ábendinga Skipulagsstofnunar.

Samþykkt er að beina tillögum í lögboðið auglýsingarferli í samræmi við skipulagslög.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið og beinir því í lögboðið auglýsingarferli í samræmi við 31. og 41. grein skipulagslaga.

Samþykkt

3. Umsókn um framkvæmdarleyfi vegna bættra sjóvarna - Ólafsbraut - Ennisbraut - Hellnar - 2301001

Vegagerðin sækir um framkvæmdarleyfi til Snæfellsbæjar vegna bættra sjóvarna á Ólafsbraut - Ennisbraut og Hellnum.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir útgáfu framkvæmdarleyfis. Upplýsingar um framkvæmdir á Hellnum verða sendar til hafnarstjórnar Snæfellsbæjar.

Nefndin telur nauðsynlegt að lengja útrásina við Hvalsá og halda sömu breytt á vegöxlími norðan megin.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:45.

9. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 3. janúar 2023 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.

Mætt: Kristinn Jónasson, Baldvin Leifur Ívarsson, Ragnar Már Ragnarsson, Vagn Ingólfsson, Matthías Páll Gunnarsson og Björn Arnaldsson. Ævar Sveinsson er í frii þessa viku. Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð.

1) Björn fór yfir framkvæmdir á vegum hafnarinnar:

- a) Framkvæmdir við þekju og lagnir á Norðurtanga í Ólafsvík halda áfram, unnið var við frágang í masturshúsi að innan og er honum að mestu lokið.
- b) Endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík halda áfram, verið er að undirbúa næsta áfanga sem er viðbygging og framkvæmdir innan húss.
- c) Vinna við dýpkunarframkvæmdir í innsiglingunni til Rifshafnar er stopp eins og áður hefur komið fram.
- d) Búið er að hanna og teikna stækkun og hækkun á trébryggju við gafl stálpils við Norðurtanga í Ólafsvík. Útboði vegna efniskaupa er lokið og er verið að fara yfir tilboðin. Verið er að vinna við verklýsingu og útboðsgögn.
- e) Búið er að setja upp 3 stk. ljósastaura, tengja ljósin og steypa gangstéttir á hafnarsvæði Ólafsvíkurhafnar við Snoppuveg. Öllum frágangi er lokið.
- f) Verið er að undirbúa endurbætur á götulýsingu á hafnarsvæði Ólafsvíkurhafnar við Norðurtanga í Ólafsvík.
- g) Vegagerðin hefur lagt fram tillögu að endurbótum á sjóvörn við Marbakka í Staðarsveit og rætt hefur verið við húseigendur um málið.

2) Ragnar fór yfir framkvæmdir og verkefni á vegum tæknideildarinnar:

- a) Unnið er að því að rafvæða allar umsóknir hjá Snæfellsbæ þannig að íbúar geti gengið frá öllum sínum erindum í gegnum netið, hvort sem það er umsókn um byggingarleyfi eða leikskólapláss. Hvað varðar tæknideildina þá verður með þessari breytingu t.d öllum teikningum skilað inn á rafrænu formi í stað þess að þeim sé skilað á pappírformi eins og nú er. Meistarar og byggingarstjórar munu staðfesta sig í gegnum þetta rafræna kerfi sem mun auðvelda alla skráningu og stofnun verkefna hjá sveitarfélaginu. Allir hönnuðir munu verða skráðir rafrænt á verkefni og munu þeir vera tengdir þeim þar til að lokaúttekt hefur farið fram. Með þessu geta eigendur verkefna, hönnuðir, HMS og bæjaryfirvöld haft betri yfirsýn á þeim verkefnum sem eru í gengi hverju sinni í sveitarfélaginu.
- b) Óskað hefur verið eftir tilboði í tvöfalda rennihurð fyrir aðalinngang vegna fyrirhugaðrar stækkunar á anddyri Jaðars. Um er að ræða samskonar hurð og var sett í grunnskólann á Hellissandi. Einnig hefur Tæknideildin fengið tilboð í glugga og gönguhurð í anddyrið og verða tilboðin staðfest í dag og pöntun sett í gang. Byrjað er að leita eftir tilboðum í timbureiningar í vegg og þak og vonandi verður hægt að framleiða þær á næstu vikum þannig að hægt verði að reisa þær með vorinu. Leitað er eftir tilboðum í sökklá og botnplötu.
- c) Búið er að panta flekahurð í grunnskólann í Ólafsvík sem á að skilja að tvær kennslustofur og mun hurðin koma í stað eldri hurðar sem er úr sér gengin. Um er að ræða vandaða hurð með mikla hljóðeinangrun.
- d) Nýir gluggar eru komnir til Ólafsvíkur sem eru ætlaðir í ráðhúsið og verður farið í að leita tilboða og finna iðnaðarmenn í að skipta þeim út þegar veður leyfir. Einnig eru til á lager




Bla
M.P.G.
Vagn I
AA
ab
KJ

- gluggar í grunnskólann í Ólafsvík sem þarf að skipta út. Einnig á eftir að skipta um glugga á þremur hliðum í grunnskólanum á Hellissandi en sama staða hefur verið þar, þ.e.a.s hefur gengið illa að finna iðnaðarmenn í verkið.
- e) Búið er að mæla upp og panta efni fyrir nýja glugga í vestasta húsið á Gufuskálum og er vinna við smíði þeirra hafin.
 - f) Eins og kom fram á fundi teymisins í nóvember sl. þá stendur til að fara í aðgerðir í sundlauginni í Ólafsvík til að bæta aðgengi fyrir fatlaða. Loka þarf lauginni tímabundið á meðan á framkvæmdum stendur og verður fundinn tími til lokunar í samráði við forstöðumann laugarinnar og skólastjórnendur. Ekki eru um umfangsmiklar framkvæmdir að ræða en nauðsynlegt er að taka niður steypa þröskulda sem eru í klefunum sem kalla á brotvinnu og frágang og því nauðsynlegt að loka lauginni á meðan. Reynt verður að vinna verkið hratt til að stytta lokunina eins og hægt er.
 - g) Byrjað er að grafa fyrir tveimur einbýlishúsum á Arnarstapa og hefur fylgt því eðlileg afgreiðsla sem og útmæling fyrir húsunum.
 - h) Ákveðið var að fara í töluverðar endurbætur á þaki á Ólafsbraut 23 sem á að hýsa aðstöðu eldri borgara. Klæðning þaksins hafði verið nelgd niður með nöglum og voru þeir farnir að losna á nokkrum stöðum sem kallaði á mögulega hættu á leka. Ákveðið var því að fjarlægja þakklæðningu ásamt þakpappa og leggja nýjan pappa, legta þakið og setja nýja þakklæðningu sem var skrúfuð niður á legturnar. Þetta tryggir góða öndum á þakinu og kemur jafnframt í veg fyrir að þakpappinn verðir gataður eftir að búið er að festa klæðningu á þakið með skrúfum.
 - i) Síðasta haust var byrjað að skoða aðgengi fyrir alla að stöðum í Snæfellsbæ sem bjóða uppá þjónustu fyrir almenning. Var það gert í tengslum við verkefnið „Römpum upp Ísland“. Verkefnið er unnið í samvinnu við eigendur verkefnisins og sveitarfélög. Mæla þarf aðkomu að þeim stöðum sem bjóða upp á þjónustu, líkt og veitingahús, verslanir, söfn, bensinstöðvar, banka svo eitthvað sé nefnt, og metið hvort þörf sé á því að bæta aðgengi að þessum stöðum þannig að það sé fært hjólastólum. Sé talin þörf á bættu aðgengi verður sótt um styrk til verkefnisins og verður það gert að frumkvæði sveitarfélagsins en í samvinnu við þjónustuaðilana. Hlutverk sveitarfélagsins er að gera úttektina og veita heimildir til framkvæmda.
 - j) Búið er að fara yfir nokkur atriði sem þarf að lagfæra á tjaldsvæðum bæjarins fyrir næsta sumar og verður veturinn notaður til að ganga frá þeim atriðum sem þarfnast úrbóta.
 - k) Töluverð eftirspurn hefur verið eftir lóðum hjá Snæfellsbæ. Nýverið var úthlutað lóðum undir stórt iðnaðarhúsnæði á Rífi og einbýlishúsi á Hellissandi. Einnig hefur verið spurst fyrir um nokkrar lóðir á Arnarstapa. Nýverið var veitt stöðuleyfi fyrir þjónustuhúsi á Arnarstapa til eins árs í senn, til fyrirtækis sem er með ferðir fyrir ferðamenn uppá Snæfellsjökul. Einnig hafa einkaaðilar sýnt áhuga á kaupum á hótelinu á Hellissandi. Gangi kaupin eftir stefna viðkomandi aðilar á umfangsmikla stækkun hótelsins, eða allt að 120 herbergi.
 - l) Nokkur skipulagsmál eru í gangi hjá sveitarfélaginu, bæði deiliskipulög og breytingar á aðalskipulagi og miðar þeim vel.
 - m) Auk þeirra verkefna sem hafa verið talin upp hér að ofan eru dagleg verkefni hjá tæknideildinni eins og frágangur nýrra lóðarleigusamninga, yfirferð teikninga svo eitthvað sé nefnt.

Bth
Lagnir
H.
K.P.

- 3) Leifur fór í gegnum verkefni á sínum vegum í desember:
- Tekin í gegn íbúð Engihlíð 18 3hv. Málað, gert við einn glugga og skipt um annan. Lýsing löguð. Til stendur að skipta um teppin í stigaganginum í Engihlíð 18.
 - Klárað að ganga frá íbúð á Jaðri.
 - Skipt um gardínur og gardínustangir í nokkrum íbúðum á Jaðri.
 - Gerðar nokkrar breytingar á Kriubóli.
 - Skipt var um þakjárn á Ólafsbraut 23 og gengið betur frá öllum samskeytum þar sem húsin koma saman.
 - Varmadælan í Klifi var löguð.
 - Ýmislegt annað smávægilegt gert en desember hefur mikið snúist um jólin, skreytingar, jólasveina og fleira.
- 4) Matthías fór yfir málefni íþróttamannvirkja.
- Skipt var um ljós í anddyrinu í íþróttahúsinu í Ólafsvík.
 - Í sundlauginni bilaði rafmagnslokli sem fyllir á kerfið og var skipt um hann.
 - Búið er að vera að laga rafmagnslagnir í kjallaranum.
 - Skipt hefur verið um hjálparðætur fyrir varmaskiptana í sundlaugarvatninu.
 - Ýmsir aðrir snúningar voru í desember, sér í lagi varðandi tölvumál. T.a.m. var settur upp fjarfundarbúnaður í Ráðhúsinu.
 - Komin eru ný LED ljós í Klifi, en þar þarf að laga dimmera, helst sem fyrst þar sem Þorrablót verður haldið þar í lok janúar og þá þurfa ljósin að virka.
 - Jafnframt hafa farið fram mælingar á lögnum og fleiru með tæknideildinni.
- 5) Vagn fór yfir framkvæmdir í grunnskólanum:
- Búið að vera rólegt í desember, en búið að koma fyrir uppbyggðum og vatnsvél í grunnskólanum í Ólafsvík.
 - Byrjað að fara í hreinsun á herbergjum í grunnskólanum í Ólafsvík.
 - Hins vegar er búið að vera rólegra í desember en aðra mánuði ársins þar sem verkefni hafa meira snúist um jólin.
 - Umræður urðu um möguleikana sem eru uppi við að laga þakið á grunnskólanum á Hellissandi.
- 6) Næsti fundur verður þriðjudaginn 7. febrúar kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:20


Kristinn Þórnason

Björn Arnarsson
Matthías Póll
~~Atx Atx~~
Baldur H. Jónsson
Vagn Ingólfsson

Anna Elfarótt

Fræðslunefndarfundur 14.11. 2022

Fundinn sátu:

Sigrún Erla Sveinsdóttir,
Dagbjört Dúna Rúnarsdóttir ,
Kolbrún Ósk Pálsdóttir (í fjarveru Margrét Sif Sævarsdóttir)
Ptryk Zolobow (í fjarveru FS Ægir Ægisson)

Fundur settur kl. 16:00

Dagskrá fundar: Heimsókn á Leiksóla Snæfellsbæjar, starfstöð Krílakot og farið yfir starfið á Krílakoti og Kríubóli. Einnig var húsnæði og aðstaða skoðuð á Krílakoti.

Fræðslunefnd hittist í Leikskólanum Krílakot, Hermína Kristín Lárusdóttir leikskólastjóri ásamt Þórey Úlfarsdóttir leiðbeinandi tóku á móti nefndinin.

Starf leikskólanna er eins á báðum starfstöðum Kríakoti og Kríuból. Hermína greinir frá því að leikskóli sé fyrsta skólastigið og er starfið eftir því.

Húsnæði og aðstaða leikskólans var skoðuð í fylgd Hermína Kristín Lárusdóttir og Þórey Úlfarsdóttir og rætt um starf leikskólans, einkum m.t.t. aðstöðu.

Aðstaða og skipulag m.t.t stafsmanarárýmis og vinnuástöðu starfsmanna á Krílakoti er óviðunandi fyrir starfsmenn.

Eldhúsið þar sem allur matur er eldaður frá grunni er óviðunandi, sérstaklega þegar horft er á lagerinn, sem er á við og dreif um húsið. Einnig er ekki nóg rými í kælikápum og þarf oftast en ekki að nota kælikáp starfsmanna. Vinnuástaðan í eldhúsinu til matargerðar er engan vegin viðunandi, matarvagnarnir þurfa að vera á ganginum þar sem starfsmanna rýmið er til þess að klæðast í útiföt.

Kaffistofa og vinnurými þar sem kennarar undirbúa sitt starf er í sama rými, þar er einnig gengið í gegn milli rýma, þetta veldur því að starfsmenn sem eru í undirbúning að undirbúa starfið fái ekki viðunandi frið til að sinna sínum verkefnum.

Einnig var rætt að þegar að starfsmenn eru í sínum kaffipásam, er ekki mikill friður þar sem mjög hljóðbært er í þessum hluta hússins, einnig getur verið erill þegar gengið er í gegnum kaffistofu til að fara á milli rýma. Dæmi eru um að starfsmenn ættu það til að fara út úr húsi í kaffitíma.

Það var rætt að gluggar væru orðnir lélegir og í vissum vindáttum kæmist vatn inn um þá með tilheyrandi ónotum bæði fyrir börn og starfsmenn. Nýir gluggar í Krílakot voru samþykktir í fjárhagsáætlun þessa árs en biðin eftir ísetningu er farin að vera frekar löng. Á Kríubóli er ískalt og það sé ekki viðunandi að fara inn í annan veturinn svoleiðis þar sem gluggar halda ekki vatni né vindum og mikill kuldi myndast í húsinu og börn og starfsmenn þurfa að vera í hlýjum þeysum og sokkum svo þeim sé ekki ískalt

Skoðaður var nýr gólfdukur í einni stofu, hann var lagður í vor og lítur vel út, en ennþá á eftir að setja lista á glugga til að fyrirbyggja að nýji dúkurinn skemmist.

Það var rætt að það sé oft mikil bið eftir að fá starfsmann frá Snæfellsbæ til að sinna almennu viðhaldi og viðgerðum, í framhaldi að því ákváðu Leikskóli Snæfellsbæjar ásamt Dvalarheimilinu Jaðar að sækja um að ráða húsvörð í 1 stöðugildi til að sinna viðhaldi og viðgerðum á báðum stöðum. Beðið er eftir niðurstöðu af þeirri umsókn.

Einnig var sagt frá því að ástand leikskóla lóðanna á báðum leiksólum sé ekki viðunandi, rætt var um undirlag við leikkastalann á Kríubóli og kvartanir foreldra. leikskólastjóri óskaði eftir gervigrasi í staðin fyrir gúmmihellurnar og vonast eftir að þeirri ósk verði framfylgt.

Stytting vinnuvikunnar er að valda mjög miklum erfileikum á báðum starfstöðvum bæði þegar að er horft er á skipulag í kringum daglegt starf og með tilliti til ófyrirséð veikinda starfsfólks og veikinda barna starfsfólks og þarf huga að beytingu á fyrirkomulagi á framkvæmd styttingu vinnuvikunar. Hermína greinir frá því að mikið misræmi sé á milli starfsstöðva í Snæfellsbæ bæði um skipulag á styttingunni og hversu mikla styttingu starfsmaður fær eftir því á hvaða starfsstöð hann vinnur.

Aðstaðan á Kríubóli er mjög góð, starfsmannarými er mjög gott. Þeir eur með sér kaffistofu, undirbúningsherbergi og sal fyrir börnin.

Fundi lauk kl. 17:30

Fræðslunefnd - Fundur 29. nóvember

Mæting: Sigrún Erla formaður, Margrét Sif ritari og Dagbjört Dúna.

Fundur byrjar: 16:00

Ákveðið var að hittast í húsnæði tónlistarskólans í Snæfellsbæ í Ólafsvík.

- Þar hittum við Valentinu og fór hún með okkur í skoðunarferð um húsnæðið og aðstaðan skoðuð.
- Valentina minntist á að tónlistarskólinn myndi fá herbergi á neðri hæð húsnæðisins þegar húsnæðið fyrir eldri borgarafélagið myndi verða tilbúið á Ólafsbrautinni og talaði hún um að það yrði gott fyrir þau að fá aðeins meira rými.
- Það er biðlisti í tónlistarskólann eins og er og fullt af fólki að æfa á hljóðfæri sem eru ánægjulegar fréttir.
- Í restina ræddum við um þá hugmynd ef bókasafn Snæfellsbæjar yrði fært í nýja húsið á Ólafsbrautinni. Það myndi leysa vanda sem við stöndum frammi fyrir núna eins og að tónlistarskólanum vantar stærri aðstöðu og þá sáum við fyrir okkur að það væri hægt að opna á milli og gera stóran sal á neðri hæðinni fyrir tónlistarskólann.
- Einnig með því að færa bókasafnið þá myndi aðgengi fyrir fólk með fatlanir lagast og aðgengi þeirra batna þannig allir geti notað bókasafnið í Snæfellsbæ.
- Eins og aðstaðan er núna þá eru tröppur upp á bókasafnið á þeim stað sem það er núna og fólk með fötlun á í erfiðleikum eða jafnvel kemst ekki á bókasafnið. Einnig fólk á Jaðri sem sér sig ekki fær að komast þangað vegna aðgengisins sem er þar núna.
- Við viljum því koma með þá hugmynd til bærarstjórnar hvort það væri hægt að skoða það að færa bókasafn Snæfellsbæjar í húsnæðið á Ólafsbrautinni því með þeirri færslu og breytingu sjáum við lausn á þeim vanda sem er til staðar þar sem bókasafnið er núna.

Fundi slitið 16:40

209. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 22. nóvember 2022, í Stykkishólmi

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Arnar Kristjánsson, Karl Kristjánsson, Arnheiður Jónsdóttir, Valdís Einarsdóttir, Sigurður Halldór Árnason og Magnús A. Sigurðsson.

Forföll: engin

Fundarritari: Jakob Stakowski

Formaður setti fund kl. 10.30

1. Fundargerð 208. fundar Breiðafjarðarnefndar

Fundargerð 208. fundar nefndarinnar frá 25. október 2022.

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

2. Tillögur að mótvægisáðgerðum vegna breytingar á deiliskipulagi Víkurhverfis í Stykkishólmi

Breiðafjarðarnefnd var beðin af skipulagsfulltrúa Stykkishólmsbæjar um hugmyndir að mögulegum mótvægisáðgerðum vegna deiliskipulagstillögu við Víkurhverfi, Stykkishólmi.

Afgreiðsla:

Jakob undirbjó drög að tillögum milli funda. Þær voru ræddar á fundinum og fáeinar breytingar lagðar til. Jakob gengur frá tillögunum í samræmi við vilja nefndarinnar og sendir til skipulagsfulltrúa Stykkishólmsbæjar.

3. Verndaráætlun - Uppsetning nýrrar verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð

Fulltrúar náttúrustofanna á Vestfjörðum og Vesturlandi sendu Breiðafjarðarnefnd drög að skipulagi fyrir nýja verndaráætlun Breiðafjarðar þann 25. október 2022. Nefndarfolk skoðaði drögin milli funda.

Afgreiðsla:

Drögin að skipulagi nýrrar verndaráætlunar voru rædd á fundi. Breiðafjarðarnefnd skoðaði drögin í ljósi handbókar um stjórnun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar.

Breiðafjarðarnefnd mun skoða skipulag betur með tilliti til breytinga sem Umhverfisstofnun ætlar að gera á handbókinni varðandi verndaráætlunina.

4. Beiðni um umsögn vegna skipulagslýsingar í Stykkishólmi

Breiðafjarðarnefnd fékk til umsagnar skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms og nýtt deiliskipulag vegna tillögu að nýju athafnasvæði við Kallhamar ásamt hafnaraðstöðu og stækkun athafnasvæðis við Hamraenda.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi skipulagslýsingu og tillögur fyrir nýja athafnasvæðið. Jakob mun skrifa drög að umsögn í samræmi við þær umræður og senda nefndarfólki til staðfestingar í næstu viku.

5. Fjármál með tilliti til styrkjamála

Jakob lagði fram fjármálayfirlit fyrir árið 2022 og hluta af 2023.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd skoðaði fjármál nefndarinnar fyrir árið 2022 með tilliti til möguleika sem hún hefur til að styrkja verkefni.

Nefndin ákvað að styrkja verkefni, sbr. umfjöllun um verkefni undir 6. lið.

6. Styrkjamál 2022

Til stendur að veita styrk til verkefna á Breiðafjarðarsvæðinu árið 2022. Fyrir liggja 3 umsóknir.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi umsóknir sem hafa borist um styrki.

a. Sjávarjörðin Búðir undir Kirkjufelli

Breiðafjarðarnefnd hefur verið í samskiptum við Sævar Pálsson vegna verkefnisins "sjávarjörðin Búðir undir Kirkjufelli" og hefur borist formleg styrkumsókn.

Breiðafjarðarnefnd hefur rætt möguleika á að styrkja þann hluta verkefnisins sem lýtur að fræðslu en að svo stöddu hefur fræðsluhluti verkefnisins ekki verið þróaður nægilega til að styrkja verkefnið. Breiðafjarðarnefnd hefur fengið upplýsingar um hvernig fræðslan er áformuð og mun taka afstöðu til styrkveitingar á næsta ári þegar verkefnið hefur verið þróað frekar.

Breiðafjarðarnefnd telur engu að síður mikilvægt að styrkja vinnu sem tengist menningarsögu Breiðafjarðarsvæðisins og eru verkefni eins og þetta góð leið til að upplýsa og kenna fólki um sérstöðu svæðisins.

b. Gróðurannsókn á eyjum Breiðafjarðar

Á fyrri fundum nefndarinnar hefur verið rætt um að styrkja rannsókn á gróðurfari á eyjum Breiðafjarðar á árunum 2022 og 2023. Verkefnið hefur verið þróað hjá Náttúrustofu Vestfjarða og núna liggur fyrir rannsóknartillaga og kostnaðaráætlun.

Sigurður H. Árnason kynnti fyrir nefndinni stöðu undirbúnings, sem og rannsóknartillögu og kostnaðaráætlun.

Breiðafjarðarnefnd mun styrkja verkefnið árið 2022 og svo í frmahaldi árið 2023. Þá á gróðri Breiðafjarðareyja og telur það samrýmast mjög vel hlutverki sínu að bæta úr því. Rannsóknin er framhald á rannsókn frá árinu 2019 sem Breiðafjarðarnefnd styrkti¹. Gróðurfar er ein af stöðum lífríkis Breiðafjarðar og hefur áhrif á landslag. Bæði lífríki og landslag Breiðafjarðareyja eru vernduð samkvæmt lögum 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

c. Örnefnaverkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands

Þorvaldur Þór Björnsson hjá Náttúrufræðistofnun Íslands hefur unnið að söfnun og kortlagningu örnefna við Breiðafjörð til margra ára. Verkefnið hefur áður fengið styrk frá Breiðafjarðarnefnd og fyrir fundinum lá fyrir styrkumsókn fyrir næstu skref verkefnisins.

Þorvaldur Þór Björnsson kynnti fyrir Breiðafjarðarnefnd stöðu verkefnisins í vor og næstu skref, eins og einnig er fjallað um í umsókninni.

Breiðafjarðarnefnd ákvað á fundinum að veita örnefnaverkefninu framhaldsstyrk að fjárhæð 2,5 millj. kr. sem skiptast jafnt á milli verkefnavinnu árinna 2022 og 2023.

Breiðafjarðarnefnd vill undirstrika að örnefnaverkefnið er mjög mikilvægt og stuðlar að varðveislu menningarverðmæta á svæði sem m.a. einkennist af þúsundum örnefna.

7. Skoðunarferð um Stykkishólm

Breiðafjarðarnefnd fór í göngutúr og skoðaði svæði sem tengjast málum sem hún hefur fjallað um.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd skoðaði tvö svæði í Stykkishólmi, annars vegar svæðið sem skipulagt hefur verið fyrir Víkurhverfi og hins vegar athafnasvæði við Skipavík. Á báðum svæðum eru byggingaráform sem Breiðafjarðarnefnd hefur tekið fyrir í umsögnum til sameinaðs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar undanfarna mánuði.

8. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur verður í desember á Teams. Nánari dagsetning fyrir fundinn verður kynnt síðar. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.30.

¹ Thomas Holm Carlsen, Árni Ásgeirsson & Jón Einar Jónsson. (2019). *Vegetation mapping of islands in Breiðafjörður, West-Iceland*. <http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2022/04/Vegetation-mapping-of-islands-in-Breidafjordur-West-Iceland-2018-2.pdf>

Fullgild rafraen undirskrift

ÞORSTEINN NARFASON

Kennitala: 280366-5069
2022-12-07 17:38:47 GMT
Astæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

TRAUÐTI GYLFASON

Kennitala: 302964-4949
2022-12-07 17:39:37 GMT
Astæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

INGA MARÍA SIGURÐARDÓTTIR

Kennitala: 010388-3099
2022-12-07 17:40:09 GMT
Astæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

SKÚLI HREINN GUÐBJÖRNSSON

Kennitala: 240165-3179
2022-12-07 17:40:53 GMT
Astæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

KRISTINN HALLUR SVEINSSON

Kennitala: 210572-5979
2022-12-07 17:41:54 GMT
Astæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

STEINUNN INGIBJÖRG MAGNÚSDÓTTIR

Kennitala: 090970-3219
2022-12-07 17:42:31 GMT
Astæða: Undirskrift



**Heilbrigðiseftirlit
Vesturlands**

179. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var haldinn á Teams miðvikudaginn 7. desember 2022 kl. 16:00-18.00.

Mættir Kristinn Hallur Sveinsson, Steinunn I. Magnúsdóttir, Skúli Hreinn Guðbjörnsson, Trausti Gylfason og Inga María Sigurðardóttir.

Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins situr fundinn og ritar fundargerð.

Auður, Sigrún og Birkir Snæ boðuðu forföll.

Dagskrá

1. Umsagnir

Umsagnir til sýslumanns rekstrarleyfi

- 1.1. Umsókn Árna Vals Sólónssonar fh. Hótelgarðsins um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar með áfengisveitingum á Hótel Bifröst. 120 gestir í gistingu og 200 í veitingarsal. Jákvæð umsögn send þann 2. nóvember 2022.
- 1.2. Umsókn Braga Sigmars Sveinssonar fh. Læks ehf. um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, íbúð nr. 110 í fjölbýlishúsinu Sjónarhóli á Bifröst. Hámarksfjöldi gesta er 5 gestir. Jákvæð umsögn send 11. nóvember 2022.
- 1.3. Umsókn Birnu Kristínu Baldursdóttur f. h. Mökks ehf. um rekstrarleyfi gististaðar í flokki II, frístundahús án veitinga í þremur frístundahúsum í landi Eskiholts II í Borgarbyggð. Hámarksfjöldi gesta er 14 manns. Jákvæð send 18. nóvember 2022 vegna Skipaborgar 3 og Skipaborgar 4 en Stóraborg 1 samræmist ekki skipulagi og fær því neikvæða umsögn.
- 1.4. Umsókn Ingvars Ara Arasonar f. h. Ingvar Arason ehf. um rekstrarleyfi gististaðar í flokki II, frístundahús að Ystumóum 2 í Hálsahreppi, Borgarbyggð. Jákvæð umsögn með fyrirvara um að reksturinn samræmist skipulagi.

Lagt fram.

Umsagnir til sýslumanns tækifærisleyfi

- 1.5. Tækifærisleyfi vegna „Gleðifundar“ sem halda á í Félagsheimilinu Logalandi, Reykholtssdal í Borgarbyggð 12. nóvember 2022. Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits var send 2. nóvember.

- 1.6. Tækifærisleyfi vegna Sviðaveislu og hagyrðingakvölds 19. nóvember 2022 í Félagsheimilinu Brautartungu. Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits var send 15. nóvember.
- 1.7. Tækifærisleyfi vegna ársátíðar Nemendafélags LBHÍ haldinn 19. nóvember 2022 í Þinghamri Varmalandi. Jákvæð umsögn send 15. nóvember 2022.

Lagt fram.

2. Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál

Borgarbyggð

- 2.1. Breytt deiliskipulag fyrir athafnasvæðið Vallarás við Borgarnes. Umsögn send þann 28. október 2022
- 2.2. Nýtt deiliskipulag fyrir Húsafell 1 og Bæjargil í Borgarbyggð. Umsögn send þann 31. október 2022.
- 2.3. Breyting á aðalskipulagi fyrir breytingu á landnotkun í Niðurskógi í landi Húsafells í Borgarbyggð. Umsögn send þann 1. nóvember 2022
- 2.4. Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 vegna Norðtungu. Umsögn send þann 1. nóvember 2022.
- 2.5. Breyting á deiliskipulagi fyrir Litlu-Tunguskógi í Húsafelli- frístundabyggð/íbúðabyggð. Heilbrigðiseftirlitið gerði athugasemdir á fyrri stigum og hefur verið brugðist við þeim. Umsögn send þann 11. nóvember 2022.

Lagt fram.

3. Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndarinnar

- 3.1. Akraneskaupstaður sækir um nýtt starfsleyfi fyrir leikskólann Garðasel, leyfið var gefið út 27. október 2022 og gildir í 12 ár.
- 3.2. Dalabyggð sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir félagsheimilið Tjarnarlund, Staðarhóli Saurbæ. Leyfið var gefið út þann 24. október 2022 og gildir í 12 ár.
- 3.3. Ólöf Birna Jónsdóttir sækir um nýtt starfsleyfi fyrir Fótaaðgerðarstofuna Ósk Grundarbraut 101, Ólafsvík. Leyfið var gefið út þann 21. október 2022 og gildir í 12 ár.
- 3.4. Hestaland ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir minna gistiheimili, reiðskóla og hestleigu á Staðarhúsum í Borgarbyggð. Leyfið var gefið út þann 28. október 2022 og gildir í 12 ár.
- 3.5. HH veitingar ehf. sækja um nýtt leyfi fyrir mötuneyti LBHÍ, Ásgarði Hvanneyri. Leyfið var gefið út þann 1. nóvember og er ótímabundið.
- 3.6. Fangelsið á Kvíabryggju sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir fangelsið að Kvíabryggju ásamt vatnsveitu til einkanota. Leyfið var gefið út þann 1. nóvember 2022 og gildir í 12 ár.

- 3.7. Áfengis og tóbaksverslun ríkisins sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir áfengisverslun að Vesturbraut 15, Búðardal. Leyfið var gefið út 9. nóvember 2022 og gildir í 12 ár.
- 3.8. Lækur ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir minna gistiheimili að Sjónarhóli íbúð 110, Bifröst. Leyfið var gefið út 9. nóvember 2022 og gildir í 12 ár.
- 3.9. Metabolic Borgarnesi ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir líkamsræktarstöð að Brákarbraut 18, Borgarnesi. Leyfið var gefið út 14. nóvember 2022 og gildir í 12 ár.
- 3.10. HH veitingar ehf. sækja um nýtt starfsleyfi fyrir kaffihúsi í Skemmunni Hvanneyri. Leyfið var gefið út 14. nóvember 2022 og gildir í 12 ár.
- 3.11. Stoð og styrkur slf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir sjúkráþjálfun Brákarbraut 18, Borgarnesi. Leyfið var gefið út 14. nóvember 2022 og gildir í 12 ár.
- 3.12. Mökkur ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir minna gistiheimili að Skipaborg 3 og 4, Eskiholti 2, Borgarbyggð. Leyfið var gefið út 18. nóvember 2022 og gildir í 12 ár.
- 3.13. Borgarbyggð sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir félagsheimilið Brún Bæjarsveit. Leyfið var gefið út 23. nóvember 2022 og gildir í 12 ár.
- 3.14. Immortal slf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir húðflúrstofu að Klettavík 15. Leyfið var gefið út 28. nóvember 2022 og gildir í 12 ár.
- 3.15. Silfurtún, dvalarheimili sækir um rekstur dvalar og hjúkrunarheimilis með fullbúnu mötuneyti að Gunnarsbraut 8, Búðardal. Leyfið var gefið út 1. desember 2022 og gildir í 12 ár.

Lagt fram.

4. Starfsemi sem hefur fengið staðfesta skráningu skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

- 4.1 Valafell ehf. staðfesting á skráningu vegna vinnslu fisks og annarra sjávarafurða þann 29. nóvember 2022 vegna umsóknar nr. 317696.
- 4.2 Lón fasteignir ehf. staðfesting á skráningu fyrir niðurrifi mannvirkja vegna umsóknar nr. 318009.
- 4.3 Björgunarfélag Akraness. Staðfesting á skráningu fyrir flugeldasýningu vegna umsóknar nr. 319826
- 4.4 Björgunarfélag Lífsbjörg. Staðfesting á skráningu fyrir flugeldasýningu vegna umsóknar nr. 319828.

Heilbrigðisnefnd hefur fyrir sitt leiti staðfest ofangreindar skráningar en þar sem vefsvæði á island.is um skráningar er óvirkt hefur nefndin ekki getað staðfest ofangreindar skráningar þar.

5. Nýjar samþykkið sveitarfélaga sbr. lög nr. 7/1998

5.1 Samþykkt um hæsnahald í Akraneskaupstað

Lögð fram ný samþykkt um hæsnahald í Akraneskaupstað.

Samþykkt

5.2 Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hvalfjarðarsveit

Lögð fram ný samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hvalfjarðarsveit.

Samþykkt

6. Önnur mál.

7.1 Framkvæmdastjóri kynnti stöðu rekstar heilbrigðiseftirlitsins.

7.2 Framkvæmdstjóri kynnti nokkur mál sem tengjast eftirliti.

Fundi slitið 17:33

Fundargerð 448. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2022, föstudaginn 16. desember kl. 12:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason í gegnum fjarfundarbúnað, Pétur Ólafsson, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Alexandra Jóhannesdóttir og Dóra Björk Gunnarsdóttir.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 447. fundar - 2110003HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 447. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 18. nóvember 2022.

2. Breyting á framkvæmd landamæraeftirlits - 2212002HA

Lögð fram glærुकynning frá Jóni Pétri Jónssyni, sviðsstjóra alþjóða- og landamærasviðs Ríkislögreglustjóra og Jóhanni Karli Þórssyni, deildarstjóra landamæradeildar Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Formaður gerði grein fyrir málinu en um er að ræða innleiðingu á „snjalllandamærum“ sem Ísland þarf að innleiða vegna aðildar sinnar að Schengen samstarfinu. Tilgangurinn er að tryggja öruggari og skilvirkari framkvæmd landamæraeftirlits á ytri landamærum. Jafnframt að styrkja löggæslufirvöld í baráttunni við alvarlega glæpi og hryðjuverkastarfsemi.

3. Komur farþegaskipa - 2212003HA

Lögð fram til kynningar fréttatilkynning Cruise Iceland, dags. 14. desember, sem send var út í framhaldi af yfirlýsingu fráfarandi ferðamálastjóra um komur farþegaskipa.

Stjórn Hafnasambands Íslands tekur undir þau atriði sem fram koma í fréttatilkynningu Cruise Iceland frá 14. desember sl. vegna gagnrýni fráfarandi ferðamálastjóra á komur farþegaskipa til landsins. Jafnframt vekur stjórnin athygli á því að þessar skipakomur skila verulegum tekjum í þjóðarbúið. Þær tekjur dreifast vítt og breytt um landið og þjónusta við farþegaskip og farþega þeirra hefur jafnframt skapað umtalsverð umsvif í ferðaþjónustu á öllum landssvæðum.

4. Úrvinnslusjóður - veiðafærasamningur við SFS - 2012002HA

Formaður gerði grein fyrir málinu en vonir standast til að klára veiðafæramálin fyrir áramót.

5. Mælaborð fyrir umhverfisástand hafna á Íslandi - 2212004HA

Lagt fram minnisblað Eflu hf., dags. 23. nóvember 2022, um mælaborð fyrir umhverfisástand hafna á Íslandi, sem unnið var fyrir Hafnasamband Íslands.

Stjórn hafnasambandsins þakkar fyrir erindið en telur ekki rétt að fara í þetta verkefni að svo stöddu.

6. Verkefnakort hafnasambandsins 2023 - 2102003HA

Lagt fram að nýju verkefnakort Hafnasambands Íslands fyrir árið 2021 en til stendur að uppfæra það fyrir árið 2023.

7. Beiðni um tilnefningu í ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila vegna laga um stjórn vatnamála - 2212001HA

Lagt fram bréf umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 30. nóvember 2022, um beiðni um tilnefningu í ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila vegna laga um stjórn vatnamála.

Stjórn samþykkir að tilnefna Hönnu Björgu Konráðsdóttur frá Reykjaneshöfnum í ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila vegna laga um stjórn vatnamála og Alexöndru Jóhannesdóttur hafnarstjóra Skagastrandarhafnar til vara.

8. Ferðakostnaður og laun fyrir fundarsetu - 2211001HA

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra hafnasambandsins, dags. 14. desember 2022, um greiðslur ferðakostnaðar og fyrir setu í stjórn hafnasambandsins.

Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjóra um að kjör stjórnarmanna séu óbreytt nema með þeirri breytingu að kjör aðal- og varafulltrúa verða jöfnuð og að greitt verði fyrir setinn fund.

9. Hafnasambandsþing 2022 - 2110002HA

Lögð fram fundargerð hafnasambandsþings sem haldið var í Ólafsvík 27. og 28. október 2022.

Fundi var slitið kl. 14:00

Fundargerð 916. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2022, miðvikudaginn 14. desember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Lilja Björg Ágústsdóttir, Nanný Anna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Jón Björn Hákonarson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Lilja Björg Ágústsdóttir og Rósa Guðbjartsdóttir tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

- 1. Fundargerð 915. fundar - 2201008SA**
Lögð fram til kynningar fundargerð 915. fundar stjórnar sambandsins frá 25. nóvember 2022, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.
- 2. Siðanefnd sambandsins - 2009061SA**
Lagðar fram fundargerðir 28. og 29 fundar siðanefndar sambandsins frá 5. september og 4. október 2022. Sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, sem situr í siðanefnd, fór yfir helstu atriði fundargerðanna og álit siðanefndar.
- 3. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA**
Lögð fram fundargerð 78. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 28. nóvember 2022. Varðandi 3. lið fundargerðarinnar, vakti sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs athygli stjórnar á því að skýrsla starfshóps um fyrirkomulag framleiðendaábyrgðar var birt 30. nóvember sl.
- 4. Skipulagsmálanefnd sambandsins - 2210012SA**
Lagðar fram fundargerðir 45. og 46. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 10. júní og 30. nóvember 2022, ásamt minnisblaði, dags. 26. nóvember 2022, vegna 2. liðar í fundargerð skipulagsmálanefndar frá 30. nóvember sl.
- 5. Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA**
Lögð fram fundargerð 14. og 15. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 26. október og 7. desember 2022.

6. Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga 2023 - 2206017SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 12. desember 2022, um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga 2023 en sviðsstjórinn fór jafnframt ítarlega yfir minnisblaðið á fundinum.

7. Mat á árangri á starfsáætlun sambandsins 2022 - 2111026SA

Lagt fram mat á árangri á starfsáætlun sambandsins fyrir árið 2022. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu þætti matsins.

8. Starfsáætlun stjórnar sambandsins 2023 - 2212011SA

Lögð fram drög að starfsáætlun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu þætti áætlunarinnar.

Stjórnin samþykkir fyrirbyggjandi drög að starfsáætlun stjórnar sambandsins fyrir árið 2023. Jafnframt felur stjórn framkvæmdastjóra að boða til landsþings sambandsins sem haldið verður 31. mars 2023.

9. Starfsáætlun sambandsins 2023 - 2212011SA

Lögð fram drög að starfsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023. Framkvæmdastjóri og sviðsstjórar fóru yfir helstu þætti áætlunarinnar.

Stjórnin samþykkir fyrirbyggjandi drög að starfsáætlun sambandsins ársins 2023.

Hildur Björnsdóttir vék af fundi kl. 14:45.

10. Fjármögnun þjónustu við fatlað fólk - 2205032SA

Framkvæmdastjóri skýrði stöðu málsins. Unnið er að gerð samkomulags milli ríkisins og sambandsins sem kveður á um lækun tekjuskattsalagningar ríkisins og samsvarandi hækkun álagningahlutfalls útsvars, sem á að skila a.m.k. 5 ma.kr. til sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á næsta ári til að mæta að hluta útgjöldum vegna þjónustu við fatlað fólk. Áfram verður unnið að greiningu á útgjöldum og þróun þeirra í málaflokknum og mótun tillagna um fyrirkomulag framtíðarfjármögnunar þessarar þjónustu. Ljóst er að fyrirhugaðar skattabreytingar kalla m.a. á lagabreytingar um hámarksútsvar og ákvæði um tímasetningu á endanlegum samþykktum og tilkynningum sveitarstjórna um útsvarsálagningu, sem ganga þarf frá fyrir næstu áramót. Því er nauðsynlegt sveitarstjórnir haldi fundi vegna þessa fyrir áramót.

Samþykkt að veita formanni og framkvæmdastjóra sambandsins umboð til að skrifa undir samkomulag við ríkið á grundvelli framangreinds.

11. Staða kjaramála - 2109025SA

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins um stöðu kjaramála í desember 2022.

12. Sveitarstjórnarmál - framtíðarsýn - 2211006SA

Lagt fram minnisblað ritstjórnar Sveitarstjórnarmála sambandsins, dags. 8. nóvember 2022, um framtíðarsýn Sveitarstjórnarmála.

13. Brunamálasjóður - byggingaöryggisgjald - 2212010SA

Lögð fram bókun bæjarráðs Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar frá 1. desember 2022, þar sem bæjarráð skorar á innviðaráðherra að koma á fót Brunamálasjóði, sem fjármagnaður væri a.m.k. að hluta af byggingaöryggisgjaldi, með það að markmiði að efla starfsemi minni slökkviliða landsins, þ.m.t. að styðja við uppbyggingu, framkvæmdir og tækjakaup slökkviliða. Einnig lögð fram fyrirspurn Brunavarna Stykkishólms og nágrennis og svar Húsnaðis- og mannvirkjastofnunar, dags. 29. nóvember 2022.

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að vinna að því að byggingaöryggisgjald verði nýtt til að styðja við uppbyggingu, framkvæmdir og tækjakaup slökkviliða.

Lilja Björg Ágústsdóttir vék af fundi kl. 15:05.

14. Samningur um samræmda móttöku flóttafólks 2022-2025 - 2207022SA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs um stöðuna samningagerðar við sveitarfélög um samræmda móttöku flóttafólks, dags. 12. desember 2022. Einnig lagt fram til kynningar minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, sem tekið var fyrir á fundi stjórnar sambandsins 26. ágúst 2022.

Stjórn leggur áherslu á að starfsfólk sambandsins fylgist vel með þróun þessara mála, uppfæri reglulega upplýsingar um stöðu málsins á vef sambandsins og upplýsi stjórnina á næstu fundum.

15. Fundur Policy nefndar CEMR - 2009035SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 11. desember 2022, um fund Policy nefndar CEMR í París 5.-6. desember 2022.

16. Fundur EES EFTA Sveitarstjórnarvettvangsins - 2009316SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins og forstöðumanns Evrópuskrifstofu sambandsins, dags. 11. desember 2022, um fund EES EFTA Sveitarstjórnarvettvangsins 1.-2. desember 2022.

17. Tilnefning í íþróttanefnd - 2211023SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 5. desember 2022, þar sem Harpa Þorsteinsdóttir, verkefnisstjóri Lýðheilsamála hjá Reykjavíkurborg, og Magnús Vignir Eðvaldsson, íþróttakennari og sveitarstjórnarfulltrúi í Húnaþingi vestra, eru tilnefnd í íþróttanefnd.

Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

18. Tilnefning í starfshóp um endurskoðun fyrirkomulags álagningar og ráðstöfunar skipulagsgjalds - 2211033SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innanríkisráðuneytisins, dags. 6. desember 2022, þar sem Þorsteinn Gunnarsson, borgaritari Reykjavíkurborgar, og Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar, eru tilnefnd í starfshóp um endurskoðun fyrirkomulags álagningar og ráðstöfunar skipulagsgjalds.

19. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum - 2211039SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 29. nóvember 2022, um tillögu til þingsályktunar um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, 113. mál.
20. **Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um menningarminjar - 2208004SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 5. desember 2022, um frumvarp til breytinga á lögum um menningarminjar, 429. mál, ásamt fylgiskjali.
21. **Umsögn um frumvarp um framlengingu á NPA - 2212002SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 6. desember 2022, um frumvarp um breytingu á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 (framlenging á bráðabirgðaákvæði I), 532. mál.
22. **Brothættar byggðir - ársskýrsla fyrir árið 2021 - 2105040SA**
Lögð fram til kynningar skýrsla Byggðastofnunar um Brothættar byggðir - ársskýrsla fyrir árið 2021.
23. **Sóknaráætlanir landshluta - 2009344SA**
Lögð fram til kynningar greinargerð um Sóknaráætlanir landshluta um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2021, dags. í nóvember 2022.

Fundi var slitið kl. 15:15

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar.

Snæfellsbæ.

Ágæta bæjarstjórn

Við í stjórn Hollvinafélags Gamla Pakkhúsins, höfum verið í nokkurri hugmyndavinnu varðandi framtíð Pakkhússins. Nú erum við komin á þann stað að okkur langar til að vita hver framtíðarsýn bæjarfulltrú er á tilveru þessa gamla húss. Við í Hollvinafélaginu erum aðeins áhugafólk sem eðli málsins getum ekkert framkvæmt eða gert nema það sem fellur undir lög og reglur Hússins. Við erum peningalaust félag og mundum aldrei fara í neinar framkvæmdi eða vinnu sem er skuldbindandi fyrir aðra. Við erum að sjálsögðu allega fjalla um efri hæðir hússins og umhverfi þess, ekki neðri hæðina sem okkur finnst vera í góðum höndum. Nú viljum við gjarnan heyra á hver áhugi ykkar bæjarfulltrúa er varðandi Pakkhúsið. Þess vegna óskum við eftir að koma á fund ykkar og kynna okkar sýn á framtíð þess og heyra ykkar skoðannir.

Ólafsvík 19/12 2022.

Virðingarfyllst,

f.h. Hollvinafélags Pakkhússins.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar
Klettsbúð 4
360 Snæfellsbæ

Saxi ehf.
Gufuskálar
360 Snæfellsbæ

9. janúar, 2023

Efni: Ósk um framlengingu á samning v/ leigu á Gufuskálum

Við viljum byrja á að fara aðeins yfir stöðuna á íbúðunum á Gufuskálum.

Nú erum við að vinna hörðum höndum að því að gera upp íbúðirnar á Gufuskálum til að geta opnað þar gistiheimili aftur. Nú þegar eru tvær íbúðir klárar en það er eftir um 6-8 vikna vinna til að klára að standsetja næstu fjórar íbúðir.

Tvær íbúðir eru algjörlega ónothæfar vegna rakaskemmda og myglu. Munu þær ekki verða nothæfar fyrr en búíð er að skipta um að minnsta kosti alla glugga í þeim íbúðum.

Mikill raki er í steypunni í allri blokkinni sem hjálpar ekki og því vonum við að hægt verði að einangra og loka þökunum sem opnuð voru síðasta haust sem allra fyrst og að verktakarnir sjái sér fært að koma í það verkefni. Þar til það verður þurfum við að kynda vel til að koma í veg fyrir að kuldabryr á óeinangraðri steypunni valdi enn frekari skemmdum og skemmi ekki þær endurbætur sem við höfum staðið í. Það leiðir af sér aukinn hitunarkostnað og auk þess er útlit fyrir tekjutap eitthvað fram á sumarið vegna ónothæfra íbúða.

En útlitið í ferðapjónustu er heilt yfir mjög gott. Við erum bjartsýn á að koma öllum íbúðum í notkun fyrir mitt sumar þegar búíð verður að skipta um glugga þar sem mest er þörf og ljúka við þær endurbætur sem til þarf.

Fyrir liggur að leiga hefur hækkað umtalsvert samhliða verðbólgu og útrunninn sá samningur um lækkun sem við gerðum vegna Covid aðstæðna. Við höfum fulla trú á að svæðið standi undir sér þegar allar íbúðir verða komnar í rekstur aftur þó það sé ekki staðan núna.

Við viljum því óska eftir því við bæjarstjórn að fyrri samningur um lækkun leigu verði framlengdur til 1. júlí 2023. Þá bindum við vonir við að búíð verði að loka þökum og skipta um skemmda glugga. Þá ættu allar íbúðir að vera komnar í stand og getum þá staðið við okkar skuldbindingar samkvæmt leigusamning.

Virðingafyllst,
F.h. Saxa ehf.
Ægir Þór Þór og Þór Magnússon

Kristinn Jónasson

From: Gísli <siglvor@simnet.is>
Sent: miðvikudagur, 11. janúar 2023 15:35
To: Kristinn Jónasson
Subject: Forkaupsréttur????

Ég undirritaður, fh. Sverrisútgerðarinnar, býð Snæfellsbæ til forkaups mb. Glað SH 226 (ss:2384). Hafni sveitarfélagið forkaupsrétti þessum mun báturinn seldur og eða settur uppí greiðslu fyrir nýjan bát. Virðingarfyllst, Gísli Gunnar Marteinson, fh. Sverrisútgerðarinnar ehf. Kt: 670302-3420

Sent frá [Póstur](#) fyrir Windows

Við undirritaðir, Sverrisútgerðin ehf, kt. 670302-3420, Túnbrekku 16, Ólafsvík hér nefndur seljandi og Trefjar ehf, kt. 420178-0269, Óseyrarbraut 29, 220 Hafnarfirði hér nefndur kaupandi gerum með okkur eftirfarandi

Kaupsamning og afsal

Seljandi lofar að selja og kaupandi að kaupa bátinn Glaður SH 226 sknr. 2384, sem er að gerðinni Cleopatra 31L smíðaður árið 1999.

Bátnum fylgja engar aflaheimildir né heldur aflareynsla sem sköpuð hefur verið fyrir útgáfu þessa afsals. Grásleppuleyfi það sem verið hefur á bátnum fylgir ekki, seljandi heldur því áfram og flytur á annan bát.

Umsamið kaupverð er kr. 8,500,000 áttamilljónir og fimmhundruð þúsund. og greiðist það á eftirfarandi máta:

1. með upptöku í nýmsíðl 452 8.500.000 kr.

Samtals 8.500.000 kr.

Veðbókarvottorð liggur frammi við samningsgerð þessa og hefur kaupandi kynnt sér það og gerir þær kröfur að áhvílandi veðbönd skulu verða aflétt innan 20 daga frá undirritun.


Kaupandi hefur kynnt sér ástand hins selda og sættir sig við það að öllu leyti.


Afhending hins selda fer fram í dag 3 janúar 2023

Kaupandi greiðir stimplun og þinglýsingu kaupsamnings þessa, afsals, skuldabréfa og annarra skjala sem af samningi þessum hjótast.



Til staðfestu ofanrituðu undirrita seljandi og kaupandi samning þennan í votta viðurvist.


Hafnarfjörður 3 janúar 2023


f.h. Trefjar ehf


f.h. Sverrisútgerðar ehf

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði:

 0605714019  2108593199
Nafn kt. Nafn kt.

 081081-3799 _____
Nafn kt. Nafn kt.



SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Til bæjarstjórnar

Tilv. 230101-03

Efni: Þak Grunnskóla Snæfellsbæjar á Hellissandi.

Í fjárhagsáætlun ársins 2023 er gert ráð fyrir fjármunum til að fara í lagfæringu á þaki Grunnskóla Snæfellsbæjar á Hellissandi.

Það eru nokkrir kostir í stöðunni sem bæjarstjórn þarf að ræða og síðan að taka ákvörðun um.

Snæfellsbæ 17.01.2023


Kristinn Jónasson

bæjarstjóri





Til bæjarstjórnar

Tilv. 230101-02

gatnagerðar-
Efni: Afsláttur af ~~fasteignagjöldum~~.

Í dag er Snæfellsbær að veita 90% afslátt af gatnagerðargjöldum fyrir einbýlishús í þéttbýli Snæfellsbæjar. Afslátturinn er í dag ótímasettur. Ef ætlunin er að halda áfram að veita afslátt af þessum gjöldum, þá þarf að setja á hann tímamörk, t.d. að Snæfellsbær ætli að veita 90% afslátt til 31.12.2024 af þeim einbýlishúsalóðum sem til eru í dag á skipulagi. Þannig þarf að endurmeta stöðuna og taka nýja ákvörðun ef það kerfi á að halda áfram að þeim tíma liðnum. Það er alltaf best að þetta sé neglt fast niður og haft skriflegt í gögnum bæjarins, þannig að fólk sjái þetta þegar það fer á netið til að skoða mögulegan byggingarkostnað.

Annað sem er sambærilegt eru gatnagerðargjöld af iðnarhúsnæði. Þar er verið að benda á að það sé miklu ódýrara að byggja í Grundarfirði en í Snæfellsbæ. Ég kannaði þetta, því gjaldskráin er svipuð þar og hjá okkur. Komst ég að því að bæjarstjórnin í Grundarfirði ákvað að gefa 50% afslátt af ákveðnum lóðum í bæjarfélaginu í ákveðinn tíma.

Að mínu mati væri skynsamlegt að fara sömu leið og gert er í Grundarfirði, sem ef til vill væri hvatning fyrir aðila að byggja iðnaðarhúsnæði.

Gleymum því ekki að við fáum fljótt til baka tekjur í formi fasteignagjalda.

Mér tel að við ættum að gera eftirfarandi:

1. Veita 90% afslátt af gatnagerðargjöldum af þeim íbúðarhúsalóðum í þéttbýli Snæfellsbæjar sem eru á skipulagi í dag, og muni afslátturinn gilda til 31.12.2024.
2. Veita 50% afslátt af gatnagerðargjöldum af verslunar og iðnaðarhúsnæði á Hellissandi, Rifi og Ólafsvík af þeim lóðum sem eru til á skipulagi í dag til 31.12.2024.
3. Við veitum ekki afslátt af lóðum á Arnarstapa, hvorki fyrir sumarhús, einbýlishús, né verslunar og iðnarhúsnæði. Rökin eru m.a. þau að það fer að verða lítið eftir af lóðum á Arnarstapa og segja má að Arnarstapi sé að verða „uppseldur“. Við getum ekki bætt við á skipulaginu vegna skorts á landi.

Ég tel mikilvægt að ræða hvernig Snæfellsbær ætlar að haga afslætti af gatnagerðargjöldum í Snæfellsbæ, þ.e. ef það er vilji bæjarstjórnar að veita afslætti á annað borð.

Snæfellsbæ 16.01.2023


Kristinn Jónasson

bæjarstjóri





SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Til bæjarstjórnar

Tilv. 230101-01

Efni: Ráðning slökkviliðsstjóra.

Eins og undirritaðu kynnti fyrir bæjarstjórn á fundi bæjarstjórnar þann 22. desember 2022 þá var gerður starfslokasamningur við Svan Tómasson þáverandi slökkviliðsstjóra 15. desember 2022 og lét hann strax af störfum.

Matthías Páll Gunnarsson varaslökkviliðsstjóri var settur slökkviliðsstjóri tímabundið, eða þar til nýr slökkviliðsstjóri tekur til starfa.

Nú þarf bæjarstjórn að taka ákvörðun um framhaldið, þ.e. hvort það eigi að auglýsa eftir nýjum slökkviliðsstjóra eða hvort bæjarstjórn vill skoða aðrar leiðir er varðar starfsemi slökkviliðsins sem gæti t.d. verið enn meira samstarf eða sameining slökkviliðinna á svæðinu.

Snæfellsbæ 16.01.2023

Kristinn Jónasson

bæjarstjóri





Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið

mar@mar.is
545 9700

Borgartúni 26
105 Reykjavík

stjornarradid.is

Snæfellsbær
Klettsbúð 4
360 Snæfellsbær

Reykjavík 7. desember 2022

Tilv.: MAR22050015/03.02

Efni: Erindi Snæfellsbæjar vegna starfstöðvar Hafrannsóknarstofnunar í Ólafsvík

Við er til erindis frá Snæfellsbæ með símtali 12. október sl. og í framhaldi til fjarfundar með ráðherra um málefnið og síðari tölvupóstum.

Rétt þykir að áréttu að á fundi með ráðherra kom fram að óskað yrði eftir rökstuðningi frá Hafrannsóknarstofnun um fyrirætlanir stofnunarinnar um að loka starfsstöð sinni í Ólafsvík. Sá rökstuðningur barst ráðuneytinu og hefur verið sendur bæjarstjóra Snæfellsbæjar með tölvupósti dags. 10. nóvember sl.

Í fjármálaáætlun birtist stefna ráðherra til næstu fimm ára hverju sinni og ber forstöðumönnum að vinna að því að stefna ráðherra nái fram að ganga. Þá kemur fram í fjárlögum ár hvert hvaða fjárveitingu stofnunin fær til að sinna verkefnum sínum og er það í flestum tilfellum ein fjárhæð án sundurliðunar sem stofnun hefur til rekstrar. Hafrannsóknarstofnun er ein af fimm stofnunum sem heyra undir matvælaráðuneytið og er hlutverk hennar að vinna að því meðal annars að framfylgja stefnu ráðherra hverju sinni ásamt því að sinna öðrum þeim skyldum sem gert er ráð fyrir í lögum.

Samkvæmt 4. mgr. 27. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál ber forstöðumaður ríkisaðila í A-hluta, eða eftir atvikum stjórn, ábyrgð gagnvart hlutaðeigandi ráðherra á að starfsemin skili tilætluðum árangri og að rekstur og afkoma sé í samræmi við fjárveitingar og áætlanir sem samþykktar hafa verið. Daglegur rekstur stofnana er þannig á forræði og ábyrgð forstöðumanns og ber hann ábyrgð á að framfylgja þeim lögum sem stofnunin starfar eftir, þar með talið fjárlögum. Hvorki ráðherra né aðrir starfsmenn ráðuneytisins hafa afskipti af daglegum rekstri undirstofnana en fara með eftirlit með því hvort þær framfylgi þeim skyldum sem lög kveða á um ásamt því að fylgja eftir að rekstur séu innan fjárheimilda.

Rétt er að áréttu að Hafrannsóknarstofnun er með níu starfstöðvar utan höfuðborgarsvæðisins þar sem starfa yfir 20 starfsmenn. Nokkur starfsmannavelta er á þessum stöðvum og er það sammerkt með Hafrannsóknarstofnun og öðrum undirstofnunum ráðuneytisins að erfiðara reynist að manna stöður á landsbyggðinni sérstaklega þegar kemur að sérhæfðu starfsfólki. Hafrannsóknarstofnun hefur í nokkru mæli reynt að leita eftir starfsfólki bæði utan- og innanlands en sem fyrr segir hefur ekki gengið sem skyldi að halda þeim einstaklingum hjá stofnuninni.

Hafrannsóknarstofnun hefur lagt fram rökstuðning fyrir ákvörðun sinni um að loka starfsstöðinni í Ólafsvík og mun ráðuneytið ekki aðhafast frekar í málinu.

f. h. matvælaráðherra


Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir


Guðrún Gísladóttir

Kristinn Jónasson

From: Sigursteinn Sigurðsson <sigursteinn@ssv.is>
Sent: fimmtudagur, 8. desember 2022 14:40
Subject: Drög að stofnun Safnaklasa Vesturlands
Attachments: Drög að rekstraráætlun 2023-2027.xlsx; Drög að samþykktum Klasa safna, sýninga og setra á Vesturlandi 18.11.2022.docx; Hlutverk og verkaskipting 18.11.2022.docx; Minnisblað-Safnaklasi Vesturlands.docx

Góðan dag

Þessi póstur er formleg beiðni um að stofnun Klasa safna, sýninga og setra á Vesturlandi verði tekin til umfjöllunar og afgreiðslu hjá sveitarstjórn yðar með tilliti til stofnunar klasans.

Klasi safna, sýninga og setra á Vesturlandi er hugsaður sem samstarfsvettvangur viðurkenndra safna á Vesturlandi og sjálfstæðra sýninga og setra starfandi í landshlutanum. Nú þegar eiga söfnin í töluverðu samstarfi, en með stofnun klasans mun það samstarf aukast til muna. Ávinningur af auknu samstarfi væri efling á faglegu starfi safna, sýninga og setra og meira svigrúm til nýsköpunar á þessu sviði innan sveitarfélaga á Vesturlandi.

Fulltrúar safna, sýninga og setra á Vesturlandi hafa á þessu ári fundað tvisvar og lagt drög að stofnun Klasa safna, sýninga og setra. Hefur það verið gert með því að búa til drög að samþykktum, drög að rekstraráætlun til 2025 og lýsingu á hlutverkum og verkaskiptingu innan klasans í takt við samþykktirnar og eru þessi gögn hér í viðhengi.

Einnig er í viðhengi minnisblað sem var sent á menningarnefndir sveitarfélaganna til kynningar nú í byrjun nóvember.

Til upprifjunar er kveðið á um í Byggðaáætlun Stjórnarráðsins að söfn á landsbyggðinni skuli auka samstarf sitt eða jafnvel sameinast. Í Sóknaráætlun Vesturlands 2020-2024 er kveðið á um að söfnin vinni meira saman og sama er hljóð kveður við í nýsamþykkttri Menningarstefnu Vesturlands.

Óskað er eftir því að sveitarfélagið sendi til undirritaðs svar um hvort að söfn í eigu og rekstri sveitarfélagsins verði hluti af umræddum klasa.

Stofnfundur er fyrirhugaður í upphafi næsta árs.

Með kærri kveðju / Best regards

Sigursteinn Sigurðsson
Menningar- og velferðarfulltrúi SSV
☎ +354 433 2313 / +354 698 8503
sigursteinn@ssv.is / www.ssv.is www.facebook.com/ssvesturland

Menningarstefna Vesturlands – Velferðarstefna Vesturlands



Grunnur áætlunar

Laun	850000
Laun+launat.gj.	1100000
Launakostnaður 20%	220000
Félagsgjöld	5000
Aðalfundur	200000
Hautfundur	200000
Janúarfundur	200000
Félagsgjöld mán	5000
Félagsgjöld ár	60000

Drög að rekstraráætlun

Gert er ráð fyrir 10 aðildarfélögum en þeir gætu gróflega áætlað orðið 14

Kostnaðarliðir	Á mánuði	2023	2024
Skráningargjald		30.000	
Laun og launatengd gjöld (20%)	220.000	2.640.000	2.640.000
Vinnuástaða	-	-	-
Skrifstofukostnaður	10.000	120.000	120.000
Félagsfundir		600.000	600.000
Breytilegur kostnaður við verkefni	230.000	3.000.000	3.000.000
Samtals	460.000	6.390.000	6.360.000

Tekjuáætlun	Á mánuði	2023	2024
Félagsgjöld	5.000	600.000	600.000
Styrkir			
Sóknaráætlun		1.500.000	1.500.000
Raðuneyti		1.500.000	1.500.000
Samkeppnissjóðir		3.000.000	3.000.000
Samtals		6.600.000	6.600.000

Eftirstöðvar kostnaðar

210.000 **240.000**

	2025	2026	2027
			30.000
	2.640.000	2.640.000	13.420.000
	-	-	-
	120.000	120.000	610.000
	600.000	600.000	3.000.000
	3.000.000	3.000.000	15.230.000
	6.360.000	6.360.000	32.290.000

	2025	2026	2027
	600.000	600.000	3.005.000
			-
	1.500.000	1.500.000	7.500.000
	1.500.000	1.500.000	7.500.000
	3.000.000	3.000.000	15.000.000
	6.600.000	6.600.000	33.000.000

240.000	240.000	240.000	1.170.000
----------------	----------------	----------------	------------------

Drög – seinni umferð í umsagnarferli meðal fulltrúa safna, sýninga og setra á Vesturlandi

Samþykktir

fyrir Klasa safna, sýninga og setra á Vesturlandi

1. kafli

Nafn, heimili, tilgangur og félagsaðild

1.gr.

Klasi safna og sýninga á Vesturlandi starfar sem félagsamtök að Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnesi.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að:

- Vinna að sameiginlegri kynningu hinna fjölbreyttu flóru safna, sýninga og setra á Vesturlandi fyrir íbúa sem og innlenda og erlenda gesti.
- Vekja íbúa til meðvitundar um hversu fjölbreytt söfn og sýningar er að finna í þeirra eigin heimabyggð.
- Styrkja faglegt starf, sýningagerð og rannsóknir.
- Tryggja örugga vörslu og skráningu muna.
- Styðja við fræðslu til almennings innan safna, sýninga og setra á Vesturlandi.
- Styðja við fræðsluhlutverk safna, sýninga og setra gagnvart menntastofnunum.

3. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að:

- Efla samvinnu og tengslanet starfsfólks safna, sýninga og setra á Vesturlandi.
- Efla þekkingu starfsfólks safna, sýninga og setra með sameiginlegri fræðslu.
- Efla samtal um stöðu og hagsmuni safna, sýninga og setra á Vesturlandi.
- Efla sameiginlega markaðssetningu safna, sýninga og setra á Vesturlandi í samvinnu við Markaðsstofu Vesturlands.
- Vinna að sameiginlegri stefnu um vörslu og skráningu muna.
- Vinna í takt við menningarstefnu Vesturlands og Sóknaráætlun Vesturlands.

4. gr.

Eingöngu aðilar sem skilgreindir hafa verið sem söfn, sýningar og setur á Vesturlandi

hafa rétt á að ganga í félagið og er félagsaðild nýrra félaga tekin upp á næsta stjórnarfundum.

Stofnfélagar eru þau söfn, sýningar og setur sem skráð eru í fylgiskjal með þessum samþykktum

2. Kafli

Stjórn og starfsemi félagsins

5. gr.

Í stjórn félagsins skulu eiga sæti þrjú fulltrúar sem kosnir eru á aðalfundi félagsins. Einn formaður, einn ritari og einn meðstjórnandi. Einnig eru kosnir tveir varamenn. Stjórnarfólk skal kosið til tveggja ára í senn. Annað árið skal kjósa formann og ritara. Síðara árið skal kjósa meðstjórnanda.

Stjórn félagsins stýrir verkefnum félagsins samkvæmt skipulagsskrá þessari og starfsáætlun hverju sinni. Starfsmaður klasans situr sem áheyrnarfulltrú í stjórn og fer með firmaritun félagsins.

6. gr.

Aðalfund skal boða með sannanlegum hætti með minnst 10 daga fyrirvara og er hann löglegur ef löglega er til hans boðað.

7. gr.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok marsmánaðar.

Hvert aðildarsafn, sýning eða setur hefur eitt atkvæði.

Dagskrá aðalfundar:

- Skýrsla formanns
- Skýrsla gjaldkera
- Umræða um skýrslu og reikninga félagsins
- Kosning í stjórn
- Kosning í verkefnastjórnir og nefndir
- Kosning skoðanamanna
- Verkefnaáætlun komandi starfsárs lögð fram til samþykktar ásamt kostnaðaráætlunum.
- Önnur mál

9. gr.

Árgjald félagsins er 60.000 kr. Sameiginleg verkefni eru fjármögnuð með styrkjum og framlögum aðildarfélaga eins og getið er um í verkefna- og kostnaðaráætlunum fyrir hvert starfsár.

Hafi félagsaðili samþykkt verkefnið ásamt kostnaðaráætlun er sendur út reikningur á hans nafni sem greiða skal á reikning félagsins.

Félagsaðili getur tekið þá ákvörðun að taka ekki þátt í einstökum verkefnum.

10. gr.

Félaginu er ekki ætlað að skila hagnaði. Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið í samræmi við tilgang félagsins.

Drög – seinni umferð í umsagnarferli meðal fulltrúa safna, sýninga og setra á Vesturlandi

11. gr.

Ákvörðun um slit félags verður tekin á aðalfundi með einföldum meirihluta og renna eignir þess til þeirra safna sem eru félagsmenn á þeim tíma.

Lög þessi voru lögð fram og samþykkt á stofnfundi félagsins [staðsetning] [dagsetning] og öðlast strax gildi við undirskrift.

Fylgir með í seinni umræðu hjá fulltrúum safna, sýninga og setra á Vesturlandi

Um Klasa safna, sýninga og setra á Vesturlandi

Hugmyndin um Klasa safna sýninga og setra á Vesturlandi hefur lengi verið í umræðunni. Haldinn var stefnufundur um hugmyndina þann 31. mars 2022 þar sem fulltrúar safna, setra og sýninga á Vesturlandi tóku þátt. Á fundinum var rætt um tilgang klasans, félagaform, rekstrarform og helstu markmið.

Þessi samantekt er lýsing á því sem fulltrúar á fundinum ræddu í hópum og kynntu sem sínar tillögur inn í stefnumótunina fyrir klasann og undirbúning fyrir stofnfund.

1. Félagaform

Á fundinum var lagt til að Klasi safna, sýninga og setra yrði skráð sem félagasamtök.

2. Rekstrarform

Á fundinum var rætt um mikilvægi þess að tryggja fjármögnun starfseminnar og til að ýta undir virkni og skuldbindingu félaga ætti að vera árgjald. Í samþykktum er lagt til að árgjaldið verði 60.000 kr. sem hægt er að greiða í einni greiðslu eða mánaðarlega.

3. Hlutverk stjórnar

Stjórn skal vinna samkvæmt samþykktum félagsins í samvinnu við starfsmann klasans.

4. Verkefnaskrá

Á hverjum aðalfundi skal lögð fram áætlun um verkefni og aðgerðir fyrir næsta starfsár. Verkefnin skulu styðja við tilgang Klasa safna, sýninga og setra á Vesturlandi. Kostnaðaráætlun skal fylgja hverju verkefni.

a. Styrkir

Á hverjum aðalfundi skal lögð fram áætlun um hvar félagið hyggst sækja styrki og til hvaða verkefna.

Starfsmaður klasans aðstoðar við styrkjaumsóknir.

b. Kynningarmál

Samkvæmt tilgangi félagsins er unnið sameiginlega að kynningarmálum fyrir söfn, sýningar og setur á Vesturlandi. Lagt er til að sú vinna verði unnin með Markaðsstofu Vesturlands. Markaðssetning og kynning ætti að fylgja hverju verkefni sem klasinn stendur fyrir.

c. Varðveislusetur

Vinna þarf að sameiginlegu varðveislusetri á Vesturlandi. Klasi safna, sýninga og setra á að vera vettvangur þar sem hægt er að vinna að stefnu og sýn fyrir sameiginleg varðveislumál í landshlutanum.

d. Fræðsla og rannsóknir

Um er að ræða tvennskonar fræðslu, annars vegar fræðslu fyrir gesti og íbúa sveitarfélaga og hins vegar fyrir starfsfólk safna, sýninga og setra á Vesturlandi.

Lagt er til að klasinn vinni með fræðsluaðilum á Vesturlandi við greiningu og mótun á fræðsluþörf fyrir aðildarféлага.

Fylgir með í seinni umræðu hjá fulltrúum safna, sýninga og setra á Vesturlandi

Hlutverk aðildarfélaga

Aðildafélagar skulu styðja við stjórn sem vinnur samkvæmt samþykktum félagsins og þeim verkefnaáætlunum og styrkumsóknum sem samþykktar hafa verið á aðalfundi hvers árs.

Hlutverk starfsmanns/verkefnastjóra

Á fundinum og á fyrri stigum hugmyndarinnar var lögð áhersla á að einhver þurfi að halda um alla þræði og það sé ekki ráðlegt að leggja það á safnafólk sem situr í stjórn klasans. Þess vegna hefur það verið nefnt að starfsmaður hjá SSV haldi utan um verkefni klasans og vinni samkvæmt samþykktum félagsins og verkefnaáætlun hvers starfsárs í samvinnu við stjórn.

Markmið í starfi verkefnastjóra klasa safna, sýninga og setra á Vesturlandi

- Efla samvinnu og tengslanet starfsfólks safna, sýninga og setra á Vesturlandi
- Efla þekkingu starfsfólks safna, sýninga og setra með sameiginlegri fræðslu.
 - Greina þarfir og finna fræðsluaðila til að fylgja fræðslunni eftir.
 - Útvega fjármagn til að setja í fræðslumál.
- Efla samtal um stöðu og hagsmuni safna, sýninga og setra á Vesturlandi.
- Efla sameiginlega markaðssetningu safna, sýninga og setra á Vesturlandi í samvinnu við Markaðsstofu Vesturlands.
- Vinna að sameiginlegri stefnu um vörslu og skráningu muna.
- Vinna í takt við menningarstefnu Vesturlands.
- Sækja um styrki í innlenda og erlenda sjóði í samvinnu við stjórn klasans og aðildarfélaga.

Minnisblað

Safnaklasi Vesturlands

Dags: 31.10.22

Fylgiskjöl: Samstarf safna á Vesturlandi

Krafa um aukið samstarf safna kemur víða fram í opinberum stefnum og áætlunum.

- Í Byggðaaáætlun 2018-2024 er rætt um að stofnuð verði ábyrgðarsöfn á landsbyggðinni og söfn fari í auknara samtarf eða sameinist. Settur er fram sem mælikvarð fjöldi safna sem sameinast á tímabilinu til árangursmælingar.
- Í Sóknaráætlun Vesturlands 2019-2024 í kafla um menningu sett fram sem áhersla að íbúar á Vesturlandi vilji efla samstarf um safnamál á Vesturlandi. Þá eru áherslur í áætluninni sem heyra óbeint undir safnamál að vilji sé til aukinnar áthagafræðslu og að saga og matarmenning séu tengd frekar saman.
- Í Menningarstefnu Vesturlands sem kom út formlega nú í ár eru sett fram markmið í V. Kafla stefnunnar um samvinnu að aukið verði samstarf sveitarfélaga um safnamál á Vesturlandi. Jafnframt er sett fram þar sem aðgerð að formlegur samráðsvettvangur eða safnaklasi verði stofnaður á tímabili menningarstefnunnar.

Árið 2019 var gengið til samninga við ráðgjafafyrirtækið Creatrix um að vinna undirbúningsvinnu að auknara samstarfi safna á Vesturlandi. Var verkefnið fjármagnað af hluta úr Sóknaráætlun Vesturlands en jafnframt fékkst styrkur frá þáverandi Mennta- og menningarmálaráðuneyti uppá 3,5 milljónir króna.

Farið var í ítarlega greiningarvinnu á söfnum á Vesturlandi sem byggðist upp á heimsóknum og viðtölum við safnafólk og forstöðumenn sýninga- og setra í landshlutanum. Þar að auki var rætt við Safnaráð Íslands. Sumarið 2020 var haldin ráðstefna rafrænt um safnamál og hvernig auknara samtarfi væri háttað í landshlutanum. Niðurstaða þeirra vinnu var skýrsla Creatrix „Samstarf safna á Vesturlandi“ sem kom út í maí 2021.

Safnaklasi Vesturlands

Helstu niðurstöður skýrslunnar er að nú þegar eiga söfn í töluverðu samstarfi en viðmót starfsfólks safnanna til auknara samstarfs sé almennt jákvæð. Þannig ríkir jákvæðni gagnvart hugmyndum að stofnaður verði formlegur samstarfsvettvangur safnaklasa Vesturlands sem myndi starfa að sameiginlegum hagsmunum safna í landshlutanum. Þar segir jafnframt að „lagt er til að ráðist verði í stofnun slíks safnaklasa sem fyrst og að sýningar, setur og önnur safnatengd starfsemi sem ekki fellur undir safnalög hafi jafnframt aðgang að vettvanginum.“

Í mars 2022 var kallað til vinnufundar í Borgarnesi safnafólk allsstaðar af af Vesturlandi til að móta hugmyndir um Safnaklasann nánar og þá með hvaða hætti klasinn væri rekinn. Þau gögn sem urðu til á þeim fundi voru notuð til grundvallar af formlegri stofnun klasans.

Þær hugmyndir ganga útá að starfsemin verði rekin sem félagasamtök og verði um sinn á ábyrgð SSV og starfsmaður samtakanna myndi hafa umsjón með klasanum fyrst um sinn eða þar til safnaklasanum verði fundin varanlegri rekstrargrundvöllur. Um er að ræða starfshlufall uppá 25% sem væri fjármagnað sem áhersluverkefni Sóknaráætlunnar Vesturlands og aðildargjöldum aðila að safnaklasanum.

Næstu skref

Framundan er annar vinnufundur með safnafólki á Vesturlandi þar sem samþykktir, félagiform o.þ.h. er mótað. Þar næst er mikilvægt að málið fái umfjöllun í sveitarstjórnnum á Vesturlandi, en þau standa öll að rekstri safna á einn eða annan hátt, þar með talið í samstarfi við önnur sveitarfélög.

Að því loknu er stefnt að formlegri stofnun Safnaklasa Vesturlands.

Tengd markmið Menningarstefnu Vesturlands:

IV. Menningararfur

V. Samvinna

Sigursteinn Sigurðsson

Verkefnastjóri menningarmála og
velferðarstefnu Vesturlands
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

GETA

Gæðastarf í skólum
Úttekt - ytra mat

Berist til
Sveitarstjórnar og/eða skólanefndar
Sveitarstjóra og/eða forstöðumanna fræðslusviða

Dags, 27. desember 2022

Efni: Umsóknarfrestur um ytra mat á leikskólum og grunnskólum á vorönn er 27. janúar næstkomandi.

Innra mat og ytra mat á skólustarfi eru kerfisbundið ferli sem notað er til þess að leggja nauðsynlegt mat á stöðu og árangur í skólustarfi. Bæði innra- og ytra mat á skólustarfi er lögfest í lögum um grunnskóla annarsvegar og lögum um leikskóla hins vegar.

Geta býður sveitarfélögum upp á ytra mats úttekt á skólustarfi. Umsóknarfrestur fyrir ytra mats úttekt á vorönn er 27. janúar 2023. Sótt er um inn á heimasíðu Getu, getagaedi.is.

Nánari upplýsingar má finna inn á getagaedi.is, með því að senda póst á geta@getagaedi.is eða hringja í síma 555 0117


Virðingarfyllst
Anna G. Ólafsdóttir
framkvæmdarstjóri

GETA
gæðastarf í skólum

ÚTTEKT Á SKÓLASTARFI

getagaedi.is - geta@getagaedi.is - s: 555 0117



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

stjornarradid.is

Snæfellsbær
Klettsbúð 4
360 Snæfellsbær
B.t. Kristins Jónassonar, bæjarstjóra

Reykjavík 19. desember 2022
Tilv.: IRN22120010/7.20

Efni: Vegna umsóknar um framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga


Vísað er til erindis Snæfellsbæjar, dags. 1. desember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum. Sótt var um framlag vegna kaupa og uppsetningar á sjálfvirkri rennihurð við inngang Grunnskólans á Hellissandi. Sömmuleiðis voru inngangar skólans gerðir aðgengilegir með römpum, og hiti settur undir rampana.

Erindið var tekið til umfjöllunar og afgreiðslu á fundi ráðgjafarnefndar þann 15. desember sl. Heildarkostnaður við framkvæmdirnar nemur 5.042.230 kr. Samkvæmt vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021 er miðað við að framlög til þjónustusvæðisins Snæfellsness vegna aðgengismála geti numið 7.336.193 kr. Áður hafa engin framlög verið samþykkt til Snæfellsness til úrbóta á aðgengismálum.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 2.521.115 kr. miðað við helmingskostnaðarþáttöku Jöfnunarsjóðs.

Framlag þetta er veitt á grundvelli a-liðar 3. gr. reglugerðar 280/2021.

Fyrirhönd ráðherra


Guðni Geir Einarsson


Ragnar Ágúst Róbertsson

HÚS



Húsnæðisáætlunir

Húsnæðisáætlun 2023

Sveitarfélagsnúmer: 3714

Áætlunarsvæði: Snæfellsbær

Kennitala: 510694-2449

Landshluti: Vesturland

Heimilisfang: Klettsbúð 4, 360 Hellissandi



Efnisyfirlit

Mannfjöldaspá.....	3
Forsendur fyrir mannfjöldaspá	3
Lýsing á atvinnuástandi	4
Íbúðþörf.....	5
Áætluð íbúðapörf.....	5
Markmið um hagkvæmar íbúðir.....	5
Markmið sveitarfélagsins varðandi íbúðauppbyggingu	6
Búsetuform.....	7
Áætluð þörf eftir búsetuformum	8
Samanburður á áætlaðri þörf fyrir búsetuform og getu.....	9
Þjónusta og innviðir.....	10
Samanburður á áætlaðri þörf og getu.....	11
Lóðir og skipulag.....	13
Markmið sveitarfélagsins í lóðamálum	13
Íbúðir í byggingu	14
Samanburður.....	15
Viðauki – Spurningar úr áætlanakerfi	16

Lykiltölur

Mannfjöldaspá +5 ár (miðspá)	Mannfjöldaspá +10 ár (miðspá)	Íbúðir í byggingu (september 2021)	Íbúðir í byggingu (september 2022)
29 ↑1,7%	49 ↑2,9%	6	7 ↓16,7%
Áætluð íbúðapörf +5 ár (miðspá)	Áætluð íbúðapörf +10 ár (miðspá)	Fjöldi íbúða á skipulögðum lóðum +5 ár	Fjöldi íbúða á skipulögðum lóðum +10 ár
18 ↑2,6%	29 ↑4,2%	130	130

Mannfjöldaspá

Forsendur fyrir mannfjöldaspá


Helstu forsendur sem liggja til grundvallar eru gildandi aðalskipulag, ásamt greiningu úr tölfræðigrunni Hagstofunnar og Þjóðskrár um félags- og hagfræðilega stöðu, ásamt lýðfræði sveitarfélagsins. Einnig er stuðst við gögn frá húsnæðis og mannvirkjastofnun sem byggja á gögnum frá ríkisskattstjóra.

Miðað við áætlanir um atvinnuþróun næstu ára þá er gert ráð fyrir að íbúum eigi eftir að fjölga í sveitarfélaginu. Gangi áætlanir eftir, sér í lagi hvað varðar uppbyggingu í kringum ferðaþjónustu, þá má gera ráð fyrir að íbúum fjölgi um allt að 40 á næstu 10 árum samkvæmt miðspá, og tæplega 90 manns samkvæmt háspá.

Fólksfjölgun hefur verið nokkuð sveiflukennd og helst í hendur við þróunin á Snæfellsnesi sem heild, en tekist hefur að halda betur í íbúa þar en víða annars staðar á landsbyggðinni.

Taflan hér að neðan sýnir spá um þróun mannfjölda í sveitarfélaginu fram til ársins 2032. Fjöldi íbúða er reiknuð stærð og tekur mið af mannfjölda og fjölda íbúa í hverri íbúð.

	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032
Háspá										
Mannfjöldi	1.696	1.704	1.713	1.721	1.730	1.739	1.747	1.756	1.765	1.774
Mannfjöldabreyting %	1,3	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5
Fjöldi íbúða	704	710	714	720	724	731	734	738	742	745
Íbúðafjöldi breyting %	1,3	0,9	0,6	0,8	0,6	1,0	0,4	0,5	0,5	0,4
Íbúar í hverri íbúð	2,41	2,40	2,40	2,39	2,39	2,38	2,38	2,38	2,38	2,38
Miðspá										
Mannfjöldi	1.687	1.691	1.695	1.699	1.703	1.707	1.711	1.715	1.719	1.723
Mannfjöldabreyting %	0,8	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2
Fjöldi íbúða	700	705	706	711	713	717	719	721	722	724
Íbúðafjöldi breyting %	0,7	0,7	0,1	0,7	0,3	0,6	0,3	0,3	0,1	0,3
Íbúar í hverri íbúð	2,41	2,40	2,40	2,39	2,39	2,38	2,38	2,38	2,38	2,38
Lágspá										
Mannfjöldi	1.673	1.670	1.667	1.664	1.661	1.658	1.655	1.652	1.649	1.646
Mannfjöldabreyting %	-0,1	-0,2	-0,2	-0,2	-0,2	-0,2	-0,2	-0,2	-0,2	-0,2
Fjöldi íbúða	694	696	695	696	695	697	695	694	693	692
Íbúðafjöldi breyting %	-0,2	0,3	-0,1	0,1	-0,1	0,3	-0,3	-0,1	-0,1	-0,1
Íbúar í hverri íbúð	2,41	2,40	2,40	2,39	2,39	2,38	2,38	2,38	2,38	2,38




Lýsing á atvinnuástandi

Miðað við áætlanir um atvinnuþróun næstu ára þá er gert ráð fyrir að íbúum eigi eftir að fjölga í sveitafélaginu. Atvinnuástand er gott, en þörf fyrir fleira fólk til vinnu í sveitarfélaginu.

Áætluð íbúðarþörf

Óuppfyllt íbúðarþörf er mat sveitarfélagsins á fjölda íbúða sem þörf hefði verið á til viðbótar við byggðar íbúðir síðastliðinna ára til þess að mæta íbúðarþörf mv. þróun mannfjölda. Árleg íbúðarþörf segir til um hversu margar íbúðir þarf að byggja á ári til þess að uppfylla áætlaða íbúðarþörf. Uppsöfnuð þörf segir til um hversu margar íbúðir þurfi að byggja frá árinu 2023 fram að viðkomandi ári til þess að uppfylla áætlaða íbúðarþörf.


	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032
Háspá											
Óuppfyllt íbúðarþörf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Íbúðarþörf skv. mannfjöldaspá	695	704	710	714	720	724	731	734	738	742	745
Árleg íbúðarþörf	0	9	6	4	6	4	7	3	4	4	3
Uppsöfnuð íbúðarþörf	0	9	15	19	25	29	36	39	43	47	50
Miðspá											
Óuppfyllt íbúðarþörf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Íbúðarþörf skv. mannfjöldaspá	695	700	705	706	711	713	717	719	721	722	724
Árleg íbúðarþörf	0	5	5	1	5	2	4	2	2	1	2
Uppsöfnuð íbúðarþörf	0	5	10	11	16	18	22	24	26	27	29
Lágspá											
Óuppfyllt íbúðarþörf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Íbúðarþörf skv. mannfjöldaspá	695	694	696	695	696	695	697	695	694	693	692
Árleg íbúðarþörf	0	-1	2	-1	1	-1	2	-2	-1	-1	-1
Uppsöfnuð íbúðarþörf	0	-1	1	0	1	0	2	0	-1	-2	-3



Markmið um hagkvæmar íbúðir

Taflan hér að neðan sýnir fjölda íbúða samkvæmt markmiðum rammisráðgjafarinnar milli ríkis og sveitarfélaga um íbúðauppbyggingu á árunum 2023-2032.

	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032
Háspá										
Árleg áætluð íbúðarþörf	9	6	4	6	4	7	3	4	4	3
Félagslegar íbúðir á vegum sveitarfélaga 5%	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hagkvæmt húsnæði á viðráðanlegu verði 30%	3	2	1	2	1	2	1	1	1	1
Miðspá										
Árleg áætluð íbúðarþörf	5	5	1	5	2	4	2	2	1	2
Félagslegar íbúðir á vegum sveitarfélaga 5%	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hagkvæmt húsnæði á viðráðanlegu verði 30%	2	2	0	2	1	1	1	1	0	1
Lágspá										
Árleg áætluð íbúðarþörf	-1	2	-1	1	-1	2	-2	-1	-1	-1
Félagslegar íbúðir á vegum sveitarfélaga 5%	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hagkvæmt húsnæði á viðráðanlegu verði 30%	0	1	0	0	0	1	-1	0	0	0



Markmið sveitarfélagsins varðandi íbúðauppbyggingu

Almenn íbúðarþörf - Mikil eftirspurn er eftir almennum íbúðarhúsnæðum í Snæfellsbæ bæði til kaupa og leigu. Núverandi íbúðarhúsnæði er fullnýtt og virðist vanta nokkuð upp á jafnvægi á húsnæðismarkaðnum í sveitarfélaginu. Ef miðað er áfram við 2.4 íbúa á hverja íbúð í sveitarfélaginu næstu árin, er þörf á að fjölga almennum íbúðum um 20 á næstu 4 árum ef miðað er við háspá.

Íbúðir fyrir fatlaða - Lokið hefur verið við byggingu á íbúðarkjarna með 5 íbúðum fyrir fatlaða og þar af leiðandi hefur verið mætt þeirri þörf sem var á slíkum íbúðum. Íbúðir fyrir unga og aldraða.

Umtalsverð þörf er á íbúðum fyrir ungt fólk sem er að byrja búskap og fyrir aldraða. Telur sveitafélagið mikilvægt að byggja litlar íbúðir fyrir unga fólk sem er að byrja búskap og eldra fólk sem vill flytja úr einbýlishúsum sínum og minnka við sig. Álitur Snæfellsbæ æskilegan kost að leigufélag tæki að sér að byggja slíkar íbúðir á meðan sveitafélagið sæi um uppbyggingu á húsnæði fyrir fatlaða og eldri borgara.

Félagslegt húsnæði - Snæfellsbær á 30 félagslega leiguíbúðir en miðað við eftirspurn telur sveitafélagið þörf á því að auka slíkar íbúðir um sirka 6-8 á næstu 4 árum.

Íbúðir fyrir aldraða - Snæfellsbær á 4 íbúðir fyrir aldraða og eru þær allar með búseturétti. Mikil eftirspurn er á slíkum íbúðum og eru 7 á biðlista.

Þétting byggðar - Það er verið að úthluta lóðum í eldri hverfum þar sem veittur er 90% afsláttur af gatnagerðargjöldum sem að vonandi er hvati til þess að fólk byggi sér húsnæði og stuðli að þéttingu byggðar í bæjarfélaginu.

Búsetuform

Taflan hér að neðan sýnir fjölda íbúða eftir búsetuformum árið 2022 og fjölda einstaklinga á biðlistum.

Búsetuform	Núverandi fjöldi	Á biðlista
Leiguíbúðir fyrir eldri borgara	4	7
Námsmannaíbúðir	0	0
Sértæk búsetuúrræði	5	0
Búseturéttaríbúðir	0	0
Almennar leiguíbúðir fyrir tekju- og eignalága	0	0
Félagslegar íbúðir í eigu sveitarfélags eða húsnæði sem sveitarfélag framleigir til skjólstæðinga félagsþjónustunnar	30	10


Áætluð þörf eftir búsetuformum

Taflan hér að neðan sýnir áætlaða þörf eftir búsetuformum fram til ársins 2032. Umframþörf tekur tillit til til núverandi fjölda rýma sem eru til staðar ásamt samþykktum áformum um fjölgun rýma á tilteknu ári. Einnig tekur hún tillit til þeirrar notkunar sem er á rýmnum árið 2022, biðlistum og þróun á mannfjölda skv. mannfjöldaspá. Neikvæð umframþörf merkir að þörf sé á að fjölga rýmum.

Núverandi þörf fyrir hvert búsetuform er sá fjöldi rýma sem er í notkun árið 2022 að viðbættum fjölda einstaklinga á biðlista.

		2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032
Leiguíbúðir fyrir eldri borgara	Núverandi rými	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4
	Háspá Mismunur á þörf og núverandi rým	-7	-7	-7	-7	-7	-7	-7	-8	-8	-8	-8
	Áætluð þörf	11	11	11	11	11	11	11	12	12	12	12
	Núverandi rými	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4
	Miðspá Mismunur á þörf og núverandi rým	-7	-7	-7	-7	-7	-7	-7	-7	-7	-7	-7
	Áætluð þörf	11	11	11	11	11	11	11	11	11	11	11
	Núverandi rými	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4
	Lágspá Mismunur á þörf og núverandi rým	-7	-7	-7	-7	-7	-7	-7	-7	-7	-7	-7
	Áætluð þörf	11	11	11	11	11	11	11	11	11	11	11
Námsmannaíbúðir	Núverandi rými	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Háspá Mismunur á þörf og núverandi rým	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Áætluð þörf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Núverandi rými	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Miðspá Mismunur á þörf og núverandi rým	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Áætluð þörf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Núverandi rými	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Lágspá Mismunur á þörf og núverandi rým	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Áætluð þörf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Félagslegar íbúðir í eigu sveitarfélags eða íbúðir sem sveitarfélagið framleigir til skjólstaðinga félagsþjónustu	Núverandi rými	30	30	30	30	30	30	30	30	30	30	30
	Háspá Mismunur á þörf og núverandi rým	-10	-11	-11	-11	-11	-11	-12	-12	-12	-12	-12
	Áætluð þörf	40	41	41	41	41	41	42	42	42	42	42
	Núverandi rými	30	30	30	30	30	30	30	30	30	30	30
	Miðspá Mismunur á þörf og núverandi rým	-10	-10	-10	-11	-11	-11	-11	-11	-11	-11	-11
	Áætluð þörf	40	40	40	41	41	41	41	41	41	41	41
	Núverandi rými	30	30	30	30	30	30	30	30	30	30	30
	Lágspá Mismunur á þörf og núverandi rým	-10	-10	-10	-10	-10	-10	-10	-10	-9	-9	-9
	Áætluð þörf	40	40	40	40	40	40	40	40	39	39	39
Búseturéttaríbúðir	Núverandi rými	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Háspá Mismunur á þörf og núverandi rým	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Áætluð þörf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Núverandi rými	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Miðspá Mismunur á þörf og núverandi rým	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Áætluð þörf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Núverandi rými	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Lágspá Mismunur á þörf og núverandi rým	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Áætluð þörf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Almennar leiguíbúðir fyrir tekju- og eignalága	Núverandi rými	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Háspá Mismunur á þörf og núverandi rým	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Áætluð þörf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Núverandi rými	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Miðspá Mismunur á þörf og núverandi rým	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Áætluð þörf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Núverandi rými	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Lágspá Mismunur á þörf og núverandi rým	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Áætluð þörf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Sértæk búsetuúrræði	Núverandi rými	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5
	Háspá Mismunur á þörf og núverandi rým	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Áætluð þörf	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5
	Núverandi rými	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5
	Miðspá Mismunur á þörf og núverandi rým	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Áætluð þörf	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5
	Núverandi rými	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5
	Lágspá Mismunur á þörf og núverandi rým	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Áætluð þörf	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5


Samanburður á áætlaðri þörf eftir búsetuformum og getu



Þjónusta og innviðir

Taflan hér að neðan sýnir fjölda einstaklinga sem nota tiltekna þjónustu árið 2022 og fjölda einstaklinga á biðlistum.

Þjónustutegund	Núverandi fjöldi	Á biðlista
Leikskólar	98	0
Grunnskólar	217	0
Framhaldsskólar	0	0
Hjúkrunarrými	16	2




Samanburður á áætlaðri þörf á þjónustu og getu

Taflan hér að neðan sýnir áætlaða þörf eftir þjónustutegund fram til ársins 2032 fyrir sveitarfélagið í heild. Umframbörf tekur tillit til núverandi fjölda einstaklinga sem nota tiltekna þjónustu. Hún tekur einnig tillit til samþykkrtra áforma um fjölgun á plássum fyrir tiltekna þjónustu á tilteknu ári, getu þjónustu hvert ár, fjölda einstaklinga á biðlista og þróun á mannfjölda skv. mannfjöldaspá. Neikvæð umframbörf merkir að þörf sé á að fjölga plássum.

Núverandi þörf fyrir hverja þjónustu er fjöldi einstaklinga í dag að viðbættum biðlista.

		2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032
Háspá	Núverandi rými	104	104	104	104	104	104	104	104	104	104
	Mismunur á þörf og núverandi rými	5	4	4	3	3	2	2	1	1	0
	Áætluð þörf	99	100	100	101	101	102	102	103	103	104
Leikskólar	Núverandi rými	104	104	104	104	104	104	104	104	104	104
	Miðspá Mismunur á þörf og núverandi rými	5	5	5	5	4	4	4	4	3	3
	Áætluð þörf	99	99	99	99	100	100	100	100	101	101
Lágspá	Núverandi rými	104	104	104	104	104	104	104	104	104	104
	Mismunur á þörf og núverandi rými	6	6	6	7	7	7	7	7	8	8
	Áætluð þörf	98	98	98	97	97	97	97	97	96	96
Háspá	Núverandi rými	217	217	217	217	217	217	217	217	217	217
	Mismunur á þörf og núverandi rými	-3	-4	-5	-6	-7	-8	-9	-11	-12	-13
	Áætluð þörf	220	221	222	223	224	225	226	228	229	230
Grunnskólar	Núverandi rými	217	217	217	217	217	217	217	217	217	217
	Miðspá Mismunur á þörf og núverandi rými	-2	-2	-3	-3	-4	-4	-5	-5	-6	-6
	Áætluð þörf	219	219	220	220	221	221	222	222	223	223
Lágspá	Núverandi rými	217	217	217	217	217	217	217	217	217	217
	Mismunur á þörf og núverandi rými	0	1	1	1	2	2	3	3	3	4
	Áætluð þörf	217	216	216	216	215	215	214	214	214	213
Háspá	Núverandi rými	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur á þörf og núverandi rými	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Áætluð þörf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Miðspá	Núverandi rými	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur á þörf og núverandi rými	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Áætluð þörf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Lágspá	Núverandi rými	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur á þörf og núverandi rými	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Áætluð þörf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Háspá	Núverandi rými	16	16	16	16	16	16	16	16	16	16
	Mismunur á þörf og núverandi rými	-2	-2	-3	-3	-3	-3	-3	-3	-3	-3
	Áætluð þörf	18	18	19	19	19	19	19	19	19	19
Miðspá	Núverandi rými	16	16	16	16	16	16	16	16	16	16
	Mismunur á þörf og núverandi rými	-2	-2	-2	-2	-2	-2	-2	-3	-3	-3
	Áætluð þörf	18	18	18	18	18	18	18	19	19	19
Lágspá	Núverandi rými	16	16	16	16	16	16	16	16	16	16
	Mismunur á þörf og núverandi rými	-2	-2	-2	-2	-2	-2	-2	-2	-2	-2
	Áætluð þörf	18	18	18	18	18	18	18	18	18	18

Samanburður á áætlaðri þörf á þjónustu og getu



Lóðir og skipulag


Markmið sveitarfélagsins í lóðamálum

Hafnar eru framkvæmdir á 2 raðhúsaloðum fyrir 6 íbúðir á Hellissandi (Hellushól 12 og 14) og eru þær frá 90-130 m². Einnig eru tvær samskonar lóðir sem vou í sama skipulagi byggingarhæfar, fyrirhugað er að byggja samskonar hús á þeim lóðum. Það virðist vera stærð sem fólk sækist í, hvort sem er þeir sem vilja minnka við sig húsnæði eða þeir sem eru að byrja búskap. Ákveðið hefur verið að fara í forvinnu á nýju deiliskipulagi fyrir íbúðarlóðir (einbýlishúss og raðhús/parhús) í Ólafsvík. Skipulag fyrir Miðbrekku gerði ráð fyrir einbýlishúsum, en búið er að samþykkja að breyta tveimur einbýlishúsarlóðum í parhúsarlóðir.

Taflan hér að neðan sýnir áætlanir sveitarfélagsins fyrir skipulag lóða/lóðasvæða og stöðu þeirra í skipulagsferlinu. Einnig má sjá hvort lóð/lóðasvæði sé byggingarhæf, hvenær sveitarfélagið stefnir á að hefja úthlutun á tiltekinni lóð/lóðasvæði og hversu margar íbúðir eru áætlaðar á úthlutuðum lóðum fram til ársins 2032.

Tegund lóða	Lóðasvæði	Staða	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032
Einbýli	Gilbakkí 3-12	Byggingarhæf lóð	5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Einbýli	Grundarslóð 8, 12, 14	Byggingarhæf lóð	3	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Parhús/raðhús/tvíbýli	Hellihóll 14 abc	Byggingarhæf lóð	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Einbýli	Helluhóll 6, 2	Byggingarhæf lóð	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Parhús/raðhús/tvíbýli	Helluhóll	Samþykkt deiliskipulag	6	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Einbýli	Snæfellsás 6	Byggingarhæf lóð	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Einbýli	Snæfellsás	Byggingarhæf lóð	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Parhús/raðhús/tvíbýli	Helluhóll 12 abc	Byggingarhæf lóð	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Einbýli	Munaðarhóll 11, 26	Byggingarhæf lóð	2	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Einbýli	Hellisbraut 4,8	Byggingarhæf lóð	2	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Einbýli	Skólabraut 12	Byggingarhæf lóð	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Einbýli	Hraunás 14, 8, 9	Byggingarhæf lóð	3	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Einbýli	Selhóll 7, 9, 4	Byggingarhæf lóð	3	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Einbýli	Laufás 5-7	Byggingarhæf lóð	2	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Einbýli	Skípholt 15-17	Byggingarhæf lóð	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Einbýli	Vallholt 21-25	Byggingarhæf lóð	3	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Einbýli	Fossabrekka	Byggingarhæf lóð	11	6	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Einbýli	Hábrekka 17-19	Byggingarhæf lóð	2	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Einbýli	Miðbrekka 3-11	Byggingarhæf lóð	4	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Einbýli	Túnbrekka 4, 21	Byggingarhæf lóð	2	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Einbýli	Engihlíð 12	Byggingarhæf lóð	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Einbýli	Brautarholt 23-31	Byggingarhæf lóð	5	5	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Fjölbýli	Fossabrekka	Byggingarhæf lóð	11	6	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Einbýli	Háarif 77, 79, 81, 73, 21, 17b	Byggingarhæf lóð	6	6	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals			85	45	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Skipulagðar lóðir - Fjöldi íbúða




Íbúðir í byggingu

Taflan hér að neðan sýnir niðurstöður úr talningu HMS á íbúðum í byggingu sem framkvæmd var í september 2022. Framvindan er sett fram sem hlutfall af fullbúnu m.t.t. hefðbundins framkvæmdartíma íbúðarhúsnæðis þar sem gefið er upp ákveðið prósentubil sökum þess að byggingaframkvæmdir, aðstæður og aðferðir eru mismunandi.

Framvindumat	Einbýlishús	Par-/raðhús	Fjölbýlishús	Samtals
1-21%				0
22-34%				0
35-45%		3		3
46-78%	1	3		4
79-95%				0
95-97%				0
98-100%				0
Samtals	1	6	0	7

Fjöldi íbúða í byggingu




Samanburður

Taflan hér að neðan sýnir hvernig vænt framboð íbúða og vænt framboð íbúða samkvæmt lóðaskipulagi mætir áætlaðri íbúðapörf.

	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032
Áætluð íbúðapörf skv. mannfjöldaspá	9	6	4	6	4	7	3	4	4	3
Vænt framboð íbúða m.v. framvindu íbúða í byggingu (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða)	4	3								
Háspá Vænt framboð íbúða skv. lóðaskipulagi (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða)	0	85	45	0	0	0	0	0	0	0
Árleg íbúðapörf	9	6	4	6	4	7	3	4	4	3
Uppsöfnuð íbúðapörf	9	15	19	25	29	36	39	43	47	50
Áætluð íbúðapörf skv. mannfjöldaspá	5	5	1	5	2	4	2	2	1	2
Vænt framboð íbúða m.v. framvindu íbúða í byggingu (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða)	4	3								
Miðspá Vænt framboð íbúða skv. lóðaskipulagi (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða)	0	85	45	0	0	0	0	0	0	0
Árleg íbúðapörf	5	5	1	5	2	4	2	2	1	2
Uppsöfnuð íbúðapörf	5	10	11	16	18	22	24	26	27	29
Áætluð íbúðapörf skv. mannfjöldaspá	-1	2	-1	1	-1	2	-2	-1	-1	-1
Vænt framboð íbúða m.v. framvindu íbúða í byggingu (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða)	4	3								
Lágspá Vænt framboð íbúða skv. lóðaskipulagi (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða)	0	85	45	0	0	0	0	0	0	0
Árleg íbúðapörf	-1	2	-1	1	-1	2	-2	-1	-1	-1
Uppsöfnuð íbúðapörf	-1	1	0	1	0	2	0	-1	-2	-3

Samanburður



Viðauki

Spurningar úr áætlanagerfi

Fjöldi íbúða í eigu sveitarfélags.

32

Er eftirspurn eftir lóðum?

Já

Ef svarið við fyrri spurningu er Já, þá hvers konar íbúðategund er mest eftirspurn eftir?

Parhús/raðhús/tvíbýli

Hvers konar íbúðategund er minnst eftirspurn eftir?

Fjölbýli

Annar sveitarfélagið eftirspurn eftir lóðum?

Já